



IDAN
fræðslusetur

HAUST 2014 SÍMENNTUN Í IÐNAÐI



iPad

09:41



Samtök iðnaðarins

Verk- og tækninám - nema hvað?



Byggingagreinar



Málm- og véltækni



Matvælagreinar



Handverksgreinar



Snyrtigreinar



Rafiðngreinar



Upplýsingagreinar



www.nemahvad.is



Nú er hafin fyrsta önn IÐUNNAR fræðsluseturs í nýju húsnæði að Vatnagörðum 20 í Reykjavík. Það eru kærkomin tímamót fyrir starfsemi okkar að hafa sameinað undir einu þaki skrifstofur og stóran hluta af kennsluáðstöðu, bóklega jafnt sem verklega. Ég trúi því að bætt kennsluástaða skili sér í enn betri þjónustu við okkar viðskiptavini.

Venju samkvæmt bjóðum við upp á fjölbreytt úrval fræðslutilboða í haust. Auk hefðbundinna námskeiða verða í boði stuttir fyrirlestrar og fræðslufundir ásamt því sem fulltrúar nokkurra fyrirtækja koma til okkar og kynna fyrir félagsmönnum starfsemi sína. Til að koma sem best til móts við félagsmenn úti á landi stefnum við að því að nýta vel möguleika tækninnar, m.a. með myndskleiðum af viðburðum.

Námsvísir IÐUNNAR er öflugasta leiðin sem okkur stendur til boða til að kynna námskeiðsframboð og starfsemina félagsmönnum. Ég vil nota þetta tækifæri og vekja athygli á því að IÐAN er einnig virk á helstu samfélagsmiðlum, s.s. Facebook og Twitter. Þar að auki geta áhugasamir skráð sig fyrir áskrift að rafrænu fréttabréfi okkar á vefnum og fá þannig allar upplýsingar um námskeið og viðburði sendar reglulega í tölvupósti.

Bestu kveðjur,
Hildur Elín Vignir,
framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs.



EFNISYFIRLIT

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	7	HÚSASMÍÐIR, PÍPULAGNINGAMENN, MÁLARAR	
Náms- og starfsráðgjöf	8	DÚKLAGNINGAMENN, MÚRARAR OG HÚSGAGNASMÍÐIR	28
Raunfærnimat	8	Ábyrgð byggingarstjóra	29
Sérúrræði í sveinsprófi og prófkvíði	8	Brunapéttingar	29
Áhugasviðskönnun	8	Skyndihjálp	29
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF	9	Hljóðvist í húsum	29
Móttaka nema	10	Raki og mygla í húsum I	30
Að semja próf	10	Raki og mygla í húsum II	30
Árangursrík stjórnun	10	Frankvæmdastjórnun og áætlanagerð í byggingariðnaði	31
Öll starfsemin sameinuð undir einu þaki	12	Raunkostnaður útseldrar þjónustu	31
BIFVÉLAVIRKJUN, BÍLAMÁLUN OG BIFREIÐASMÍÐI	14	Gæðastjórnun í byggingariðnaði	32
Að mæla burðarvirki	15	Gæðastjóri að láni	32
Burðarvirkismælingar US	15	Gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara og byggingarstjóra	32
Bilaskanninn	15	Gæðakerfi í byggingaiðnaði	33
CABAS	15	Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka	33
Cabas fyrirtækjanámskeið	16	Merking vinnusvæða	34
Loftrískunarkerfi	16	BIM fyrir byggingamenn	34
Plast	16	Hnífasmiði	35
Common Rail	16	Tálgun I	35
Rafeindabúnaður	17	Tálgun II	35
Bilanagreining	17	SketchUp	35
Suðupjálfun í fyrirtækjum	17	Húsgagnagerð úr skógarefni	36
Suðunámskeið fyrir bifreiðasmíði	17	Torf- og grjóthleðslur	36
Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?	17	Fallvarnabúnaður	36
Nýr drifbúnaður bifreiða	18	Málmsuða fyrir byggingamenn	36
Tölvustýringar	18	Frágangur rakavarnalaga	37
Rafræn innspautun	18	Nýlöggn og viðhald parkets (Master training)	37
Bifreiðasalar með metnað	18	Þök, rakaástand og mygla	37
Hjólstilling	19	Brunahólfandi innihurðir og glerveggir	37
Hjólstilling Samgöngustofa	19	Húsverndarstofa	38
Bilanagreiningar	19	Trérennsmíði	38
Spraututækni	20	Timburhús I	38
Málningaruppleysir	20	Gluggaviðgerðir	38
Réttingarþekkurinn og mælitæki	20	Trébatasmíði	39
Þjónusta á verkstæðum	20	Verðskrá húsasmiða - Uppmæling	39
Aukin ökuréttindi	21	Vatnsúðakerfi - Sprinkler	39
Rafmagnsbílar og Plug-In	21	Plastsuða	39
Smurliur/Staðlar	21	Varmadælu	40
PRENTSMÍÐI, PRENTUN OG BÓKBAND	22	Þrýstiloftskerfi	40
Framtíð Svansmerkisins	23	Afhending lagnakerfa	40
Hvað er efst á baugi hjá Nýherja?	23	Tilbúnar tengigrindur	40
Kíktu inn í Lighthouse	23	Rafeindabúnaður í hitakerfum	41
Umbrotið í InDesign	23	Hefðbundin stjórnúnaður hitakerfa	41
Verða snjalltækni snjallari?	23	Frágangur votryma I	41
Lausaletur og listfengi	23	Niðurlöggn steinsteypu	41
Illustrator master class	24	Autodesk fyrir byggingamenn	42
Vefhönnun fyrir grafíska hönnuði og prentsmíði	24	Nýjungar í flísalögnum	42
Grafísk hönnun og prentsmíði	24	SIKA eldvarnarmálning	42
PitStop og félagar	24	Viðarmálun	42
Adobe Edge og vefmiðlun	25	Nýjungar í dúkum	42
Vítamín fyrir prentara	25	Frumnámskeið	43
Handbandsnámskeiðið	25	Byggingakranar	43
Anicolor prentaðferðin	25	Áhættumat – grunnnámskeið	43
Hvað er efst á baugi hjá Hvítlist?	25	Öryggi og vinnuvernd	43
Hvað er Big Data?	25	MEISTARAR, HÁRSNYRTISVEINAR OG NEMAR	44
Facebook og fyrirtækið	26	Öflugt sjálfstraust	45
InDesign Master Class	26	WordPress – minn eigin vefur	45
Photoshop Master Class	26	Facebook sem markaðstæki	45
GREP fyrir InDesign	26	Skyndihjálp	45
Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum	27	Þú átt 10.000 krónur!	45
Nýjar hugmyndir og tækifæri á markaði	27	Markviss framsögn og tjáning	46
Markaðsmál og nýjustu boðleiðir	27	Jólakonfekt	46
Business canvas	27	Jákvæð sálfræði og styrkleikapjálfun (Coaching)	
Klasar og nýsköpun	27	Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt	46
		Hlutverk hópstjórans / vaktstjórans	46

Reiknað endurgjald	47	Bilanagreining kælikerfa	57
Virðisaukaskattur	47	Uppbygging loftræsikerfa	58
Verkefnastjórnun II - verkefnisáætlun	47	Útboðsgögn loftræsikerfa og tilboðsgerð	58
MATREIÐSLUMENN, FRAMREIÐSLUMENN, KJÓTIÐNAÐARMENN		Hljóð og hljóðdeyfing í loftræsikerfum	58
BAKARAR OG STARFSFÓLK Í FERÐAÞJÓNUSTU	48	Stillingar loftræsikerfa	58
Ostagerð	49	Kerrusmiði (málmsmiði)	59
Vín 1	49	Óskaðlegar prófanir NDT. Hljóðbylgja „level I - II“	59
Bordeaux vín	50	Autodesk Inventor 2015 Essentials® Grunnnámskeið	60
Smurbrauð	50	AutoCAD 2014 & AutoCAD LT 2015® Grunnnámskeið	60
Vín og matur	50	AutoCAD Electrical 2015 Essentials® (IEC Standard) Grunnur	60
Nýjungar í matreiðslu	50	AutoCAD Electrical 2015 Essentials® (IEC Standard) Framhald	60
Blöndun drykkja	51	Inventor 2015 „súper módel“ (Skeleton Construction)	61
Léttir réttir í bakaríum	51	Autodesk Revit Architecture 2015 grunnnámskeið „Essentials“	61
Brýnsla og skerping á hnifum	51	NÁMSKEIÐ FYRIR ALLA	62
MÁLMTÆKNI, VÉLSTJÓRN OG BLIKSMÍÐI	52	Öflugt sjálfstraust	62
Vökvatækni I - virkni vökvakerfa	53	Facebook sem markaðstæki	62
Vökvatækni II - framhald af virkni vökvakerfa	53	Markviss framsögn og tjáning	62
Vökvatækni III - rekstur, viðhald og bilanagreining	53	WordPress - minn eigin vefur	62
Vökvatækni IV - vinnuvélar	53	Skyndihjálpar	63
Málmsuða - Grunnur	54	Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching)	
Pinnasuða	54	- Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt	63
TIG-suða og kynning á plasmasuðu	54	Verkefnastjórnun fyrir byrjendur	63
MIG /MAG-suða	54	Reiknað endurgjald	63
Logsuða	55	Virðisaukaskattur	64
Ál og álsuða	55	Hlutverk hópstjórans/vaktstjórans	64
Suðubjálfun í fyrirtækjum	55	Verkefnastjórnun II - verkefnisáætlun	64
CNC-stýrðar iðnvélar	55	Jólakonfekt	64
Rennismíði og fræsing	55	EXCEL, WORD OG INTERNETIÐ	65
Þrýstiloftskerfi (loftstýringar)	56	Tölvur ekkert mál - grunnnámskeið	65
Rafmagnsfræði	56	Ritvinnsla í Word	65
Iðntölvustýringar	56	Internetið	66
Kælitækni – áfylling á kælikerfi	57	Töflureiknirinn Excel	66
Kælitækni	57	Excel - framhald	66

STARFSFÓLK IÐUNNAR



Arnar Þorsteinsson
Náms- og starfsráðgjafi



Birgir Hólm
Verkefnastjóri



Björg Kofoed-Hansen
Fræðslufulltrúi



Edda Jóhannesdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Erna G. Árnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Fjöla Hauksdóttir
Verkefnastjóri



Guðstaf Adolf Hjaltason
Verkefnastjóri



Helen Williamsdóttir Gray
Forstöðum. Starfsmenntad.



Helga Björg Hallgrímsdóttir
Fræðslufulltrúi



Hildur Elin Vignir
Framkvæmdastjóri



Iðunn Kjartansdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Inga Birna Antonisdóttir
Fræðslufulltrúi



Ingi Rafn Ólafsson,
sviðsstjóri prentæknisviðs



Kristján Kristjánsson, sviðsstjóri
málm- og véltæknisviðs



Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri
bygginga- og mannvirkjasviðs



Ólafur Jónsson, sviðsstjóri
matvæla- og veitingasviðs



Ragnar B Ingvarsson,
sviðsstjóri bilgreinasviðs



Rakei Steinvör Hallgrímsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Sigurður Fjalar Jónsson
Verkefnastjóri



Steinunn Guðjónsdóttir
Fjármálafulltrúi



Valdis Axfrjó
Móttaka



Þorgerður Jóhannsdóttir
Matráður



Þórey Thorlacius
Bókhald

Skráning og þátttaka

Skráning á öll námskeið fer fram á vef IÐUNNAR www.idan.is, í tölvupósti til idan@idan.is eða í síma 590-6400. Á heimasíðu er einnig yfirlit yfir öll námskeið sem eru í boði á hverri önn.

Námskeiðsgjöld

Verð á námskeiðum eru alltaf tvö. Fullt verð greiða þeir sem ekki eru aðilar að IÐUNNI eða ekki er greitt af í endurmenntunarsjóði IÐUNNAR. (Gjaldið er greitt af vinnuveitanda). Lægra verðið er fyrir þá sem greitt er af í endurmenntunarsjóði. IÐAN veitir upplýsingar um stöðu hvers og eins ef óskað er.

Ferðastyrkir

Ferðastyrkur er eingöngu veittur vegna námskeiða hjá IÐUNNI. Greitt verður lægsta flugfargjald vegna ferðalags frá heimabyggð til námskeiðsstaðar. Ökutækjastyrkur er 6.000 kr. til þeirra sem búa í 40 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 10.000 kr. þeim til handa sem búa 120 km. eða lengra frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 15.000 kr. til þeirra sem búa í 250 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Athugið að þetta á einungis við um þá aðila sem greitt er af endurmenntunargjald.

Námssamningar og sveinspróf

IÐAN fræðslusetur hefur umsýslu með námssamningum og sveinsprófum í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þær iðngreinar sem við sjáum um eru: Byggingaiðngreinar, málmiðngreinar, snyrtigreinar, matvæla- og veitingagreinar, bilgreinar, hönnunar og handverksgreinar og fjölmiðla- og upplýsingatækni, ásamt fleiri iðngreinum. IÐAN veitir einnig allar upplýsingar sem varða ferli námssamninga og sveinsprófa.

Hafir þú spurningar varðandi námssamninginn þinn, rétt þinn á samningstíma eða sveinspróf, vinsamlega hafðu þá samband við skrifstofu okkar í sími 590-6400 eða á netfangið idan@idan.is.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda námi og starfi. Er meðal annars boðið upp á einstaklingsviðtöl, áhugasviðsgreiningu, ferilskrágerð, sérúræði í sveinsprófi og raunfærnimat. Bókaðu viðtal með tölvupósti á netfangið radgjof@idan.is eða með því að hringja í 590-6400.

Félagsmenn án atvinnu

Félagsmönnum okkar sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum er bent á að athuga rétt sinn hjá Vinnumálastofnum áður en þeir koma á námskeið. Vinnumálastofnun styrkir þátttakendur til setu á námskeiðum IÐUNNAR.

Eldri félagsmenn og öryrkjar

Félagsmenn sem komnir eru á eftirlaunaaldur og öryrkjar geta sótt námskeið IÐUNNAR án þess að greiða námskeiðsgjald en eru beðnir að taka það sérstaklega fram við skráningu. Á ekki við um réttinda-námskeið eða námskeið sem IÐAN kaupir af öðrum.

Forföll þátttakenda á námskeiðum IÐUNNAR

Ef skráður þátttakandi mætir ekki og boðar ekki forföll með sólarhrings fyrirvara, áskilur IÐAN sér rétt til að krefja hann um helming af námskeiðsgjaldi. Ef þátttakandi þarf frá að hverfa vegna ófyrirsjáanlegra orsaka greiðir hann fyrir námskeiðið en getur lokið því næst þegar það er haldið sé laust sæti.

Hvar eru námskeiðin haldin?

Helstu kennslu- og námskeiðsstaðir eru: IÐAN fræðslusetur Vatnagörðum 20, Reykjavík, Lagnakerfamiðstöð Keldnaholti, Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Tækniskólinn, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Borgarholtsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, Listaháskóli Íslands, Reykjanesbær, Selfoss, Akranes, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Húsavík.



FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA
IÐUNNAR

Fyrirtækjapjónusta IÐUNNAR

Fyrirtækjapjónusta IÐUNNAR hefur það markmið að vera í nánari tengslum við félagsmenn, heyrja óskir þeirra hvað varðar sí- og endurmenntun og minna á þau tækifæri sem felast í aðild að IÐUNNI. Í henni felst að fulltrúar frá IÐUNNI heimsækja fyrirtæki í ýmsum iðngreinum, kynna námsframboð, bjóða upp á sérsniðin námskeið eftir þörfum og fjalla um raunfærnimat. Einnig er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu og þjálfun innan fyrirtækis sem og náms- og starfsráðgjöf.

Áhugasamir hafi samband í síma 590 6400.

Hefur þú áhuga á að ljúka iðnnámi í grein sem þú hefur starfað við?


Ert þú 25 ára eða eldri og með 5 ára staðfestan vinnutíma í iðngreininni?

IÐAN fræðslusetur býður upp á raunfærnimat sem metur þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast á vinnumarkaðnum á móti námi í viðkomandi iðngrein.

Sendu fyrirspurn á radgjof@idan.is.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda bæði námi og starfi. Boðið er m.a. upp á einstaklingsviðtöl, áhugasviðsgreiningu, ferilskrárgerð, sérúrræði í sveinsprófi og raunfærnimat. Bókaðu viðtal á netfangið radgjof@idan.is eða með því að hringja í 590 6400.





Náms- og starfsráðgjöf

Ert þú að velta fyrir þér námi eða starfi? IÐAN býður upp á margvíslega ráðgjöf um nám og störf ásamt raunfærnimati fyrir einstaklinga. **Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.**

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs er að veita einstaklingum margvíslegan stuðning í námi og starfi.

Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri og vel-
líðan í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjöfin sinnir:

- Raunfærnimati.
- Fyrirtækjapjónustu.
- Aðstoð við gerð ferilskrár.
- Áhugasviðsgreiningu.
- Námsstækni.
- Ráðgjöf um prófkviða, streitu og sjálfstyrkingu.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval.
- Sérúrræði í sveinsprófi.
- Kynningum á iðn- og starfsnámi.
- Ráðgjöf við atvinnuleitendur.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stýtt námið og verið hvatning til að ljúka því. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru að jafnaði 25 ára aldur og 5 ára staðfest starfsreynsla. Þessi leið hefur skilað góðum árangri þar sem margir þátttakendur raunfærnimatsins hafa haldið áfram námi og lokið sveinsprófi eftir að matinu lauk.

Frekari upplýsingar um raunfærnimat og næstu verkefni er hægt að nálgast á <http://idan.is/raunfaernimat>

Sérúrræði í sveinsprófi og prófkviði

Einstaklingur sem óskar eftir sérúrræði í sveinsprófi skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa og skila inn greiningu eða vottorði frá þar til bærum aðila. Einnig býðst sveinsprófstökum að leita til náms- og starfsráðgjafa vegna undirbúnings sveinsprófa og prófkviða.

Áhugasviðskönnun

IÐAN fræðslusetur býður upp á áhugasviðskönnunina **STRONG** sem er notuð til að hjálpa fólki við náms- og starfsval. Áhugasviðskönnun getur hjálpað við að kortleggja áhuga og starfsumhverfi. Grunnhugmynd **STRONG** er sú að fólk er ánægðara og duglegra í starfi ef það fellur að áhuga þess.

Um er að ræða spurningalista sem fylltur er út og byggja niðurstöður á áhuga viðkomandi, ekki hæfni eða þekkingu

Ávinningur:

- Þú færð að vita um störf og starfsumhverfi sem eru innan þíns áhugasviðs.
- Þú færð upplýsingar um námsleiðir sem gætu hentað þínu áhugasviði.
- Þú sérð hversu líkt eða ólíkt áhugasvið þitt er áhugasviði fólks í mismunandi störfum.
- Þú færð almennt yfirlit yfir áhugasvið þín.
- Þú færð greiningu á stjórnunar- og samskiptastíl þínum og hversu vel þér fellur að taka áhættu.

Fullt verð: 10.800 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 7.500 kr.



Fylgdu okkur á
Facebook
www.facebook.com/idanfraedslusetur

NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF

IÐAN fræðslusetur hefur umsjón með gerð námssamninga og framkvæmd sveinsprófa fyrir hönd mennta- og menningamálaráðuneytisins í bygginga- og mannvirkjagreinum, matvæla- og veitingagreinum, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, snyrtigreinum, hönnunar- og handverksgreinum og bíliðngreinum.



ALLIR SEM TAKA Á MÓTI NEMUM Í VINNUSTAÐANÁM

Móttaka nema

Vel heppnuð móttaka nema er fjárfesting til framtíðar

Á námskeiðinu er aðferðum markþjálfunar beitt í því skyni að að efla meistarara og tilsjónarmenn í að taka á móti nýnemum og fylgja þeim eftir þar til þeir hafa lokið þjálfun. Þátttakendur búa til áætlun yfir þjálfun nema frá fyrsta degi til loka þjálfunar, setja markmið og fylgja markmiðum og áætlun eftir. Fjallað verður um nærveru í þjálfuninni s.s. hvernig á að spyrja nema spurninga um efnið sem farið hefur yfir, fá nema til að taka ábyrgð á þjálfun sinni og skilja efnið.

Námsmat: 100% mætingaskylda og símat.

Kennarar: ACC stjórnendamarkþjálfari.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi.

Lengd: 8 kennslustundir.

Fullt verð: 39.900 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 13.900 kr.

SVEINSPRÓFSNEFNDIR

Að semja próf

Hér færðu að spreyta þig á prófagerð undir handleiðslu

Á námskeiðinu efla þátttakendur leikni og færni í aðferðum og verklagi við gerð prófspurninga með æfingum. Þegar próf er samið þarf m.a. að hafa í huga ólíkar gerðir prófatriða, sem hvert hefur sinn tilgang í ljósi markmiða og námsþátta (sbr. learning outcomes).

Námsmat: 100% mætingaskylda og símat.

Kennarar: Meyvant Þórólfsson, lektor.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi.

Lengd: 4 kennslustundir.

Fullt verð: 10.900 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: IÐAN fræðslusetur greiðir námskeiðsgjöld fyrir sveinsprófsnefndir.



SVEINSPRÓFSNEFNDIR

Árangursrík stjórnun

Þegar tryggja skal gæði verkefna sveinsprófsnefnda

Markmið með námskeiðinu er að veita leiðsögn við að stjórna árangursríkum fundum og þar með verkefnum.

Verkfæri markþjálfunar eru notuð til að fá hugmyndir og skoðanir allra fram í samræðum. Hér verða lyklatríðin tekin fyrir og stjórnandinn fær verkfæri til að undirbúa sig fyrir fundi og stýra verkefnum fundanna. Vinna eftir fundi og á milli funda er ekki síður mikilvæg og fjallað verður meðal annars um eftirfylgni og ábyrgðarsvið fundarmanna.

Námsmat: 100% mætingarskylda og símat. Virk þátttaka á námskeiðinu.

Kennarar: ACC stjórnendamarkþjálfari.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Tími: Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi.

Lengd: 3 kennslustundir.

Fullt verð: 14.900 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: IÐAN fræðslusetur greiðir námskeiðsgjöld fyrir sveinsprófsnefndir.


SKRÁÐU ÞIG
Á PÓSTLISTA



Skráðu þig á póstlista IÐUNNAR fræðsluseturs og fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði sem tengjast þínu fagsviði. www.idan.is/postlisti



Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðngrein



IÐAN fræðslusetur liðsinnir einstaklingum sem hafa aflað sér starfsmenntunar á framhaldsskólastigi erlendis og starfsreynslu í eftirfarandi greinum samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið: bíliðngreinum, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði, matvæla- og veitingagreinum, hönnunar- og handverksgreinum og snyrtigreinum.

Hvert á að senda umsóknir?

Sá/sú sem óskar eftir að starfa á sviði löggiltrar iðngreinar hér á landi og hefur aflað sér starfsmenntunar í öðru landi sækir um viðurkenningu á menntun sinni og starfsreynslu. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda til IÐUNNAR fræðsluseturs, að undanskilinni menntun í rafiðnaði, en þær umsóknir skulu sendar til Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Umsóknareyðublöð ásamt frekari upplýsingum má finna á vef IÐUNNAR fræðsluseturs: www.idan.is/mat-a-nami-erlendis

Svör til umsækjenda

Eftir að starfsfólk IÐUNNAR fræðsluseturs hefur móttengið umsókn ásamt fylgigögnum er farið yfir gögnin og þau send ásamt umsögn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem síðan sendir umsækjanda skriflegt svar við umsókninni.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði um menntun og starfsreynslu til starfa í iðngrein hér á landi gefur sýslumaðurinn á Seyðisfirði út sérstakt leyfisbréf því til staðfestingar.



Vatnagarðar 20

Skrifstofur og stór hluti af kennsluáðstöðu IÐUNNAR fræðsluseturs er flutt að Vatnagarðum 20 í Reykjavík.

Kennslustofur og aðstaða fyrir nemendur er á neðri hæð. Móttaka og skrifstofur starfsmanna á efri hæð.





Vantar þig nema á samning?

Nú getur þú auglýst laus nemapláss endurgjaldslaust á vefnum www.verknam.is

Ókeypis skráning!

Verknam.is er vettvangur fyrir nemendur í leit að nemapláss og verkfæri fyrir fyrirtæki eða meistara sem vilja auglýsa eftir lausum nemaplássum án kostnaðar.

Á vefnum geta innskráðir notendur einnig leitað eftir nemendum sem hafa skráð sig fyrir aðgangi og sett inn ferilskrá og ósk um nemapláss. **Svona einfalt er það!**

Sendu okkur skilaboð ef þú vilt aðstoð við fyrstu skrefin eða frekari upplýsingar.



BIFVÉLAVIRKJUN
BÍLAMÁLUN
BIFREIÐASMÍÐI



BIFVÉLAVIRKJAR - BIFFREIÐASMÍÐIR

Að mæla burðarvirki

Námskeiðið þar sem þú ert metinn á réttingarþekk

Þessu hagnýta námskeiði verður farið yfir undirstöðumælingar á burðarvirki ökutækisins, rúðuskipti, samskipti og suðuaðferðir á nýjum eignum. Markmiðið er að öðlast leikni í að meta ástand tjónabíls út frá niðurstöðum mælinga og gera mat í CABAS, auk hæfni í að meta ástand bíla sem hafa orðið fyrir tjóni út frá niðurstöðum mælinga. Einnig verður unnið í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda. Síðast en ekki síst afla nemendur sér haldgóðrar þekkingar á að fylla út burðarvirkisvottorð sem staðfestir ástand burðarvirkis. Að námskeiði loknu fara nemendur á listann hjá Samgöngustofu.

Námsmat:	100% mætingarskylda og próf.
Kennari:	Jón M.Torfason og kennarar bílgreinasviðs.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 12. nóvember og fimmtudagur 13. nóvember kl. 8.30 - 16.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	68.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	28.500 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFFREIÐASMÍÐIR

Burðarvirkismælingar

Eru fimm ár frá síðasta námskeiði eða lengra?

Ef liðin eru fimm ár síðan þú sóttir burðarvirkisnámskeið Samgöngustofu sem veitir mönnum rétt til að gefa út US.355 Hjólástöðu- og burðarvirkisvottorð, þá er tímabært að sitja þetta námskeið. Fulltrúar frá Samgöngustofu fara yfir breytingar sem orðið hafa á reglugerðum síðustu misserin og leiðbeinendur á sviði bílgreinarinnar sjá síðan um að nemendur öðlist nýjustu þekkingu á burðarvirki bíla. Að námskeiði loknu fá allir endurnýjaðan rétt til að fylla út burðarvirkisvottorð næstu fimm árin.

Námsmat:	100% mætingarskylda og próf.
Kennari:	Jón M.Torfason.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 5. desember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	19.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	7.000 kr.

**KYNNTU ÞÉR FLEIRI
NÁMSKEIÐ Á WWW.IDAN.IS**



BIFVÉLAVIRKJAR - BIFFREIÐASMÍÐIR

Bílaskanninn

Taka út bilanakóða

Halldór I Hauksson ætlar að leiða þátttakendur um frumskóga aflestratækjanna. Hvernig á að tengja græjurnar, lesa af þeim og nota upplýsingarnar sem þær gefa frá sér til að lagfæra ökutækið? Hvað eru bilanakóðar og hver er merking þeirra? Oft dugur AVO mælirinn einn til að leysa hinar flóknuustu bilanir. Þetta verður námskeið af bestu tegund og nú er bara að skrá sig.

Kennari:	Halldór I Hauksson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	18. - 21. október kl 16.00 - 20.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	58.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	24.500 kr.

CABAS GRUNNUR

CABAS

Cabas tjónamatskerfið

Námskeiðið er ætlað aðilum með fagmenntun í bílgreinum sem vilja nýta miðlæga CABAS tjónamatskerfið til að gera nákvæmt tjónamat á ökutæki ásamt því að setja inn upplýsingar samkvæmt leiðbeiningum og túlkunum í CABAS. Á námskeiðinu er fjallað um grunnildi CABAS og forsögu ásamt uppbyggingu og notkunarmöguleikum kerfisins.

Á námskeiðinu öðlast þátttakendur góðan skilning á CABAS og efla færni sína á vönduðu tjónamati með notkun kerfisins.

Námsmat:	100% mætingarskylda og próf.
Kennari:	Jóhann Þór Halldórsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudaginn 23., miðvikudaginn 24. og fimmtudaginn 25. september kl. 8.30 - 13.00.
Tími:	Þriðjudaginn 4., miðvikudaginn 5. og fimmtudaginn 6. nóvember kl. 8.30 - 13.00.
	Síðasti dagurinn ákv. á námskeiðinu.
Lengd:	38 kennslustundir.
Fullt verð:	115.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	80.000 kr.



CABAS: FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Cabas fyrirtækjanámskeið

Á CABAS fyrirtækjanámskeiðinu er farið yfir helstu tülkanir kerfisins til að gera nákvæmt CABAS tjónamat. Kennari IÐUNNAR mætir í fyrirtækið eða heldur námskeið að Vatnagörðum 20. Hann metur þekkingu og leikni þátttakanda í kerfinu og byggir námskeiðið á því mati. Námskeiðið er ætlað öllum starfsmönnum verkstæða sem tengjast tjónaviðgerðum og þurfa að hafa góðan skilning á Cabas.

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Jóhann Þór Halldórsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Samkvæmt samkomulagi.
Lengd:	Eftir umfangi.
Fullt verð:	Eftir umfangi.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Samkomulag eftir umfangi.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Loffrískunarkerfi

Hvernig virkar þetta, hvað reglugerð gildir um kælimiðlana og réttindi?

Markmiðið með þessu afar hagnýta námskeiði, sem veitir réttindi til að starfa við kælikerfi farartækja, er að svara þessum spurningum. Fjallað er um allt það nýjasta á sviði kælíbúnaðar. Þú nýtir viðeigandi greiningartæki til lekaprófunar ásamt því að bilanagreina kælikerfi. Einnig þjálfarðu leikni þína í að vinna við kælikerfi, mæla þrýsting kerfis og loks hreinsa búnaðinn. Með þessu öðlastu hæfni í að vinna við kælikerfi og fræðist um reglur um öryggisbúnað.

Námsmat:	100% mætingarskylda og próf.
Kennari:	Kennarar bilgreinasviðs.
Próf:	Ingibergur Elíasson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagur 5. desember og laugardagur 6. desember kl. 8.00 - 16.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	68.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Námskeið 28.500 kr. á þátttakanda og próf á vinnustað 15.000 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Plast

Plast er ekki bara plast!

Á námskeiðinu er fjallað um möguleika á mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar. Áhersla er lögð á verklegar æfingar og mat á niðurstöðum mælinga. Þátttakendur afla sér þekkingar á efnauppbyggingu hitafrasa og hitadeigra plastefna og þjálfleikni sína í að greina plastefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Einnig þjálfast þátttakendur í að velja viðgerðarefni eftir eðli efnisins og munu að námskeiði loknu geta brætt saman mismunandi gerðir plastefna með heitu lofti og með rafhitun.

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Agnar Hólm Kolbeinsson.
Staðsetning:	Borgarholtsskóli, 112 Reykjavík.
Tími:	Föstudagur 10. október 12.00 - 17.00 og laugardagur 11. okt. 8.30 - 17.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	58.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	24.500 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Common Rail

Háþrýstna díselvélin, eyðsla, kraftur, snúningur

Háþrýstingur, lágþrýstingur, bör, og önnur hugtök. Bilanagreining - já er þetta ekki námskeiðið sem þú hefur beðið eftir? Common Rail vélin er verða allsráðandi og kynslóð eftir kynslóð hefur hún orðið fullkomnari, háþrýstnari og við þurfum að vita meira um hana. Markmiðið er að geta bilanagreint, öðlast færni í að nálgast upplýsingar og klára málið.

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Kristján M Gunnarsson og Halldór I. Hauksson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	17. - 20. nóvember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	58.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	24.500 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Rafeindabúnaður

Rökrásir, netkerfi, canbus og mælingar

Viðfangsefni þessa námskeiðs er rökrásaruppbygging netkerfis og uppbygging rafeindabúnaðar. Nemendur afla sér traustrar þekkingar á virkni rafeindabúnaðar og tilgangi netkerfis í bílum auk þess sem fjallað er um samskipti mismunandi kerfa. Markmiðið er að nemendur auki ennfremur leikni sína í notkun viðeigandi mælitækja, sveiflusjá og búnaðar við bilanagreiningu. Áhersla er lögð á verklagar æfingar og mat á niðurstöðum mælinga.

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Kristján M. Gunnarsson.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	8. - 11. desember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	58.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	24.500 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Bilanagreining

Bilanagreining á eldsneytiskerfum og vélum

Bilanagreining á eldsneytiskerfum og vélum í dag. Hvernig á að bera sig að og hvernig virkar þetta allt saman? Hvenær hreinsar sótagasían sig og hvernig getur hún valdið einhverjum vandamálum? Túrbínur, EGR ventlar og kælar. Hvar eru helstu skynjarar staðsettir, hvernig á að bilanagreina og er hægt að skipuleggja leitina fyrirfram? Á námskeiðinu verður farið yfir vinnureglur varðandi bilanagreiningar og hvernig er best að skipuleggja sig.

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Helgi Ólafsson.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	26. og 27. nóvember og 3. og 4. desember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	58.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	24.500 kr.

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Suðupjálfun í fyrirtækjum

Sjóðum saman

Kennari IDUNNAR í suðu mætir í fyrirtæki, metur þekkingu og leikni starfsmanna í þeim suðuáferðum sem notaðar eru í bifreiðum. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur kennarinn prófið fyrir og kemur prófstykkjum til matsaðila. Markmið fer eftir kröfu og þörfum viðkomandi fyrirtækis

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Helgi Guðmundsson.
Staðsetning:	Þjálfunin fer fram í viðkomandi fyrirtæki og/eða hjá IDUNNI fræðslusetri að Vatnagörðum 20.
Tími:	Samkvæmt samkomulagi.
Lengd:	2- 10 kennslustundir.
Fullt verð:	Eftir umfangi.
Verð til aðila IDUNNAR:	1/3 af fullu verði, eftir umfangi.

BIFREIÐASMIÐIR

Suðunámskeið fyrir bifreiðasmiði

Á þessu námskeiði, sem er sérhannað fyrir bifreiðasmiði, er farið yfir allar tegundir af málmí í ökutækjum, hvernig meðhöndlun það hefur fengið, hvernig á að sjóða það, hvaða vél er notuð og hvað segir framleiðandinn um hvað á að gera til að viðhalda ábyrgðinni næstu árin. Það eru kominn nokkur lög af mismunandi hertu jární og árekstrasvæðin eru á ákveðnum stað. Þetta þarf bifreiðasmiðurinn að vita þegar hann er að skipta um íhluti og sjóða þá á.

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Helgi Guðmundsson.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudagur 27., þriðjudagur 28., miðvikudagur 29. og fimmtudagur 30. október kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	98.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	28.500 kr.

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA IDUNNAR

Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IDUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á haustönn 2014 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Eins er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki - það kostar ekki neitt!

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða á netfangið idan@idan.is



BÍFVÉLAVIRKJAR - BÍFREIÐASMÍÐIR

Nýr drifbúnaður bifreiða

The Continuously Variable Transmission or CVT, The Dual-Clutch Transmission (DCT): Single-Speed Transmission

Á námskeiðinu beinum við sjónum þátttakenda að gerð og virkni á nýjum drifbúnaði bifreiða, sem er orðin mjög breyttur enda þróun mikil á þessum vettvangi.

Einnig verður fjallað um uppbyggingu nýrri gerða girkassa. Þá verður áhersla lögð á umfjöllun um breytingu virkni úr vökvadrifnum sjálfskiptingum yfir í rafstýrðar skiptingar. Að lokum verður farið yfir stýringar og reglubundið viðhald.

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Kristján M. Gunnarsson.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudagur 24. og þriðjudagur 25. nóvember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	11 kennslustundir.
Fullt verð:	38.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	12.500 kr.



BÍFVÉLAVIRKJAR - BÍFREIÐASMÍÐIR

Tölvustýringar

Vélarskynjarar, OBD II

Kristján M. Gunnarsson leiðir ykkur um tölvustýrikerfi hreyfilsins, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra og virkni kerfanna. Skoðaðar eru aðferðir til að prófa kerfin, bæði með sveiflusjá og skanna. Hvernig á að tengja græjurnar, lesa af þeim og nota upplýsingar sem þær gefa frá sér til að lagfæra ökutækið?

Hvað eru bilunarkóðar og hver er merking þeirra?

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Kristján M. Gunnarsson.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudaginn 17. og þriðjudaginn 18. nóvember kl. 8.00 - 16.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	48.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	19.500 kr.

BÍFVÉLAVIRKJAR - BÍFREIÐASMÍÐIR

Rafræn innsprautun

Á námskeiðinu er fjallað um uppbyggingu og virkni eldsneytiskerfa í bifreiðum. Nemendur fá fræðslu um kerfin og lögð er áhersla á virkni búnaðarins og hvaða áhrif notkun mismunandi eldsneytis hefur á ökutækið. Farið er yfir notkun mælitækja. Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur geta metið og útskýrt virkni ólíkra bensínkerfa og miðlað upplýsingum þar að lútandi til samstarfsmanna.

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Kristján M Gunnarsson.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 1. og fimmtudagur 2. október kl. 16.00 - 21.00.
Lengd:	11 kennslustundir.
Fullt verð:	38.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	12.500 kr.

Bifreiðasalar með metnað

Fagmennska, þekking, verðmæti og samningar

Bifreiðasalar eru fagmenn sem þurfa að hafa yfirgripsmikla þekkingu á ólíkum sviðum mannlífsins, allt frá mannlegum samskiptum upp í harðan viðskipta- og lagagrunn. Námskeiðið sem hér er í boði tekur á öllum þeim þáttum sem skipta bifreiðasala máli og meira til. Á þrem vikum verður farið yfir lög og reglugerðir sem gilda um bílasala, kaupa- og samningarétt, veðrétt lausafjármuna, þinglýsingar, viðskiptabréfareglur, váttryggingar ökutækja, opinber gjöld af ökutækjum og reglur um virðisaukaskattsbifreiðar. Þá er farið yfir reglur um skráningu ökutækja, skoðun o.fl., mat á ástandi og verðmæti ökutækja, almenna ráðgjöf sem og fjármálalega ráðgjöf við kaupendur ásamt sölu- og samningatækni. Samningur milli Prófnefndar bifreiðasala og ÍÐUNNAR kveður á um að ÍÐAN annist námskeiðahald og próf fyrir bifreiðasala samkvæmt lögum og reglum sem um þau gilda.

Sjá dagskrá á www.idan.is

Námsmat:	90% mætingarskylda og próf.
Kennarar:	Kennarar bílgreinasviðs.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 og víða um land. Auglýst sérstaklega.
Tími:	20. október - 5. nóvember kl. 8.00 - 12.00.
Lengd:	44 kennslustundir.
Fullt verð:	Fer eftir fjölda þátttakenda.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	Fer eftir fjölda þátttakenda.



BIFREIÐASMIÐI - BIFVÉLAVIRKJAR

Hjólástilling

Millibilstöngin virkar en!

Sveinbjörn fer yfir öll hjólhornin á bílnum og áhrif þeirra á aksturseginnleika. Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur afli sér traustrar þekkingar með verklegum æfingum í að framkvæma mat á hjólabúnaði. Einnig öðlast þeir leikni í að stilla upp fyrir hjólástillingu og verða um leið hæfari til að stilla hjól í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda. Þátttaka á þessu námskeiði verður tilkynnt Samgöngustofu sem setur þátttakendur á lista yfir þá sem mega gefa út hjólstöðuvottorð. Til að öðlast þau réttindi þarf viðkomandi að vera á námskeiðinu mánudag og þriðjudag. Miðviku- og fimmtudagur er fyrir þá vilja bæta við sig aukinni þekkingu.

Námsmat:	100% mætingarskylda og próf.
Kennari:	Sveinbjörn Björnsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudaginn 3. nóvember kl. 8.00 - 16.00, 4. - 6. nóvember kl. 16.00 - 21.00. Tekur á lotum BSF301 / BSF401.
Lengd:	22 kennslustundir og lengur.
Fullt verð:	45.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	24.500 kr.

BIFREIÐASMIÐI - BIFVÉLAVIRKJAR

Hjólástilling Samgöngustofa

Eru komin fimm ár síðan?

Já tíminn líður hratt. Sem mælingamaður þarftu að sitja upprifjunarnámskeið hjá Sveinbirni til að viðhalda rétti þínum til að vera á lista hjá Samgöngustofu yfir þá sem mega framvísa hjólstöðuvottorði ökutækja sem verið hafa tjonaskráð í ökutækjaskrá og við sérskoðun. Á námskeiðinu öðlast þátttakendur þekkingu á nýjustu breytingum á reglugerðum, leikni í að sækja gögn til Samgöngustofu og verða hæfari til að fylla út hjólstöðuvottorð. Síðast en ekki síst fer Sveinbjörn yfir það nýjasta sem er að gerast í greininni.

Kennari:	Sveinbjörn Björnsson.
Staðsetning:	Vatnagörðum 4, 104 Reykjavík.
Tími:	Mánudaginn 15. desember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	19.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	7.000 kr.

Framsækni

„Við erum í fararbroddi á okkar sviði og erum óhrædd við að tileinka okkur nýjungar og sýna frumkvæði.“



BIFREIÐASMIÐI - BIFVÉLAVIRKJAR

Bilanagreiningar

Álag, spennufall, leiðni og aðrar mælingar

Á þessu námskeiði afla nemendur sér haldgóðrar þekkingar á mikilvægi skipulags við bilanagreiningu og aðferðum þar að lútandi. Markmiðið er að fara yfir uppbyggingu skipulags við bilanagreiningar og er lögð áhersla á verkefnavinnu. Þátttakendur þjálfna enn fremur leikni sína í skipulagi og framkvæmd bilanagreininga á árangursríkan hátt, með greiningatækjum. Hvernig á að tengja græjurnar, lesa af þeim og nota upplýsingar sem þær gefa frá sér til að lagafæra ökutækið? Hvað eru bilunarkóðar og hver er merking þeirra?

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Halldór I. Hauksson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 13. nóvember kl. 16.30 - 20.00 og laugardagur 15. nóvember kl. 08.30 - 14.00.
Lengd:	11 kennslustundir.
Fullt verð:	24.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	9.600 kr.

BÍLAMÁLARAR

Spraututækni

Þar sem hlutirnir breytast

Á þessu námskeiði afla nemendur sér haldgóðrar þekkingar á mikilvægi skipulagningar við málningarvinnu og aðferðum þar að lútandi. Á námskeiðinu verður fjallað um uppbyggingu skipulags við réttingar með áherslu á verkefnavinnu. Þar kemur Agnar kennari frá BHS sterkur inn og ætlar að leiða þátttakendur í allan sannleika um hvernig á að eiga við galla í lakki og á gildum OEM reglna. Einnig verður fjallað um mikilvægi þess að gera við tjónuð ökutæki svo þau haldi framleiðsluábyrgð, notkun þurr-efnisríkra efna ásamt færni í málun og blettun með rispufríum / harðgerðum efnunum.

Kennari:	Agnar Hólm.
Staðsetning:	Borgarholtsskóli, 109 Reykjavík.
Tími:	Föstudagur 7. nóvember kl. 13.00 - 18.00.
Lengd:	7 kennslustundir.
Fullt verð:	24.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.800 kr.

BÍLAMÁLARAR

Málningaruppleysir

Notkun málningaruppleysa með dílklórmetan

Þetta námskeið er ætlað bílamálurum sem hyggjast vinna með málningaruppleysiefni sem innihalda dílklórmetan og ætla að fá vottorð Umhverfisstofnunar. Markmið þess er að bílamálara fái þá þjálfun sem áskilin er í reglugerð nr. 750/2008 og breytingu á henni í mars 2013. Námskeiðið veitir þekkingu um hættur af völdum dílklórmetan, hvernig á að stjórna áhættunni og verjast skaða með öruggu verklagi við vinnu með efnin. Fjallað er um merkingar, meðferð og geymslu. Einnig efnaáhrif á líkamann og mat á hættu við notkun hættulegra efna. Ennfremur stjórn loftmengunar við notkun þeirra, staðbundið afsog og loftræstingu vinnurýma. Einnig líkamsvarnir við notkun málningaruppleysa, hlífðarfatnað, hanska, öndunar-, augna- og andlitsvarnir. Jafnframt er fjallað um aðra valkosti og aðferðir við að leysa upp málningarhúðir

Námsmat:	100% mætingarskylda og símat.
Kennari:	Friðrik Daníelsson, efnaverkfræðingur.
Staðsetning:	Stórhöfði 27.
Tími:	Þriðjudagur 23. september kl. 13.00 - 17.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	8.500 kr.



BIFREIÐASMIÐI - BIFVÉLAVIRKJAR

Réttingarbekkurinn og mælitæki

Þar sem hlutirnir gerast

Á þessu námskeiði þjálfa þátttakendur leikni sína í skipulagi og framkvæmd á réttinum á árangursríkan hátt, með réttingar-tækjum og mælitækjum. Þar kemur Helgi sterkur inn og ætlar að leiða ykkur um notkun réttingartækja og mælingarbúnaðar. Hvernig á að tengja græjurnar, lesa af þeim og nota upplýsingar sem þær gefa frá sér til að lagafæra ökutækið? Hvað eru mæli-kóðar og hver er merking þeirra?

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Helgi Guðmundsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 3. og fimmtudagur 4. desember kl. 8.30.00 - 16.00.
Lengd:	22 kennslustundir.
Fullt verð:	48.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	19.500 kr.

BIFREIÐASMIÐI - BÍLAMÁLARAR - BIFVÉLAVIRKJAR

Þjónusta á verkstæðum

Upphafð að betri og faglegrri þjónustu

Það er margt sem þarf að huga að varðandi verkstæðisrekstur. Í þessari kynningu ætlum við að sleppa að fara djúpt í bókhaldsgögn og þess háttar. Við vitum hvað viljum fá út úr rekstrinum. Góða þjónustu, ánægða viðskiptavinum og tekjur. Bílaframleiðendur hafa þróað kerfi sem á að hjálpa til við að ná þessum árangri í rekstri sem kynnt verður á námskeiðinu. Skoðum hluta af þjónustu- og kaupalögum. Hvers vegna er nauðsynlegt að gera samning við viðskiptavinum? Hvað þarf að hafa í huga þegar bíll er bókaður inn á verkstæði til viðgerðar og þangað til að hann er afhentur viðskiptavinum eftir viðgerð?

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Magnús Eysteinn Halldórsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 8. október kl. 8.30 - 16.00.
Lengd:	11 kennslustundir.
Fullt verð:	24.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	9.600 kr.

Aukin ökuréttindi

Akstur með tengivagn

„Jón viltu fara og prófa tengivagninn sem var að koma.
Hann bremsar víst lítið.“

Til að geta gert þetta þarf Jón að hafa ökuréttindi á dráttarbílinn og á vagninn, þ.e. C, CE/DE ökuréttindi. Til að fá inngöngu í skólann þarf viðkomandi að hafa almennt bifreiðastjórnpróf og uppfylla aðrar þær reglur sem hið opinbera setur. Réttindaaldur á bifreið á vörubifreið (C) og vörubifreið með eftirvagn (CE) 21 ár. Áður en þátttakandi lýkur námskeiðinu þarf hann að framvísa skyndihjálparskírteini sem hægt er að öðlast á námskeiði hjá IÐUNNI ef þess þarf.

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Kennarar hjá Ökukennarafélagi Íslands.
Staðsetning:	Ökukennarafélag Íslands.
Tími:	Sjá námskeið hjá þeim.
Lengd:	4 vikur.
Fullt verð:	346.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	242.200 kr.

BIFREIÐASMIÐI - BÍLAMÁRAR - BIFVÉLAVIRKJAR

Rafmagnsbílar og Plug-In

Á námskeiðinu verður farið yfir virkni helstu íhluta rafbúnaðar og hvernig þeir eru frábrugðnir öðrum ökutækjum. Fjallað um uppbyggingu og virkni rafgeyma og hvernig búnaðurinn starfar. Lögð verður áhersla á öryggi og fjallað um hættur sem eru til staðar við vinnu og viðhald bifreiða með sterkstraums rafgeyma.

Námsmat:	100% mætingarskylda og stöðumat.
Kennari:	Magnús Eysteinn Halldórsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 30. september kl. 8.00 - 16.00.
Lengd:	11 kennslustundir.
Fullt verð:	19.500 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.800 kr.



Smurolíur/Staðlar

Hvaða staðlar eru til, hvaða kröfur eru settar, til hvers eru þeir, hvers má vænta?


Joseph Charlot olíuvélaverkfræðingur frá Motul ætlar að leiða þátttakendur um frumskóga olíustaðla og almennt um olíufræði. Þekking á olíum, stöðlum og þeim kröfum sem settar eru varðandi nútíma bifreiðar og vinnuvéla hafa aldrei skipt meira máli en nú. Kröfur framleiðanda tækja hafa aukist mikið á síðustu árum og eru enn að breytast. Námskeið sem þetta er kjörið tækifæri til að ná heildaryfirsýn yfir olíufræðin sem oft á tíðum eru flókin. Á námskeiðinu er farið yfir olíufræði, allt frá grunnsmíði olía og til allra flóknustu samsetningar. Hvernig vinnur olían sína vinnu varðandi hvarfakúta, sótagnasíur, sótskynjara, kælingu, hversu miklu skiptir gæði eldsneytis varðandi endingu á smurolíu og fl.

Námskeiðið fer fram á ensku.

Námsmat:	100% mætingarskylda, stöðumat.
Kennari:	Joseph Charlot olíuvélaverkfræðingur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	15. - 16. október kl. 16.00 - 19.00.
Lengd:	2x3 klst.
Fullt verð:	12.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.900 kr.



PRENTSMÍÐ PRENTUN BÓKBAND



HÁDEGISFYRIRLESTUR

Framtíð Svansmerkisins

Sífelld fleiri prentfyrirtæki hafa tekið upp umhverfisstofnunina Svaninn. Elva Rakei Jónsdóttir sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun fjallar um framtíð Svansmerkisins og hvaða þýðingu það hefur fyrir prentiðnaðinn.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 15. september kl. 12.10 - 13.00.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: Ókeypis.

FYRIRTÆKJAKYNNING

Hvað er efst á baugi hjá Nýherja?

Á haustmánuðum mun sú nýbreytni verða að birgjar í prentiðnaði munu kynna sig og sínar vörur og starfsemi hjá ÍÐUNNI. Þeir sem ríða á vaðið er Nýherja. Þar á bæ eru mikið vöruúrval og án efa spennandi að sjá hvað þeir hafa fram að færa.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 18. september kl. 18.00 - 20.00.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: Ókeypis.

NÁMSKEIÐ

Kíktu inn í Lightroom

Á námskeiðinu læra þátttakendur að halda utanum myndasafnið sitt og vinna með hráfæla (RAW - myndir) í Adobe Photoshop Lightroom. Lightroom er eitt allra öflugasta myndvinnsluforritið sem völ er á í dag. Kennir verður hvernig Lightroom er notað sem miðjan í myndvinnsluferli allt frá flutningi mynda inn í tölvuna til fullvinnslu og hvernig myndir eru unnar til prentunar eða á vefinn.

Námsmat: 100% mæting.

Kennari: Pétur Thomsen, ljósmyndari.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 17. og 24. september kl. 14.00 - 18.00.

Lengd: 12 kennslustundir.

Fullt verð: 36.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 9.000 kr.

HÁDEGISFYRIRLESTUR

Verða snjalltækni snjallari?

Snjalltækjum rignir á markaðinn og erfitt er að henda reiður á þeim. Árni Matthíasson blaðamaður á Morgunblaðinu hefur fylgst með þessari þróun og ætlar að spá í spilin fyrir okkur og segja hver þróunin verður að hans mati.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 14. október kl. 12.10 - 13.00.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: Ókeypis

NÁMSKEIÐ

Umbrotið í InDesign

Umbrot á fréttatímaritum hefur tekið talsverðum stakkaskiptum með sífelld fullkomnari umbrotsbúnaði. Þetta námskeið er tvískipt þar sem annan daginn munu þátttakendur fara yfir hönnunaraþriði og hvernig megi gera betur í þeim málum. Seinni daginn verður farið yfir tæknileg mál í tengslum við InDesign.

Námsmat: 100% mæting.

Kennari: Kristín Agnarsdóttir og Sigurður Ármannsson.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 3. og 4. október kl. 14.00 - 20.00 og 9.00 - 14.00.

Lengd: 15 kennslustundir.

Fullt verð: 45.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 11.000 kr.

NÁMSKEIÐ

Lausaletur og listfengi

Þessu námskeiði er ætlað að sýna hvernig verklag var í hæðarprentun (letterpress). Hvert námskeið er tvö kvöld. Fyrri kvöldið er farið stuttlega yfir sögu letterpress prentunar. Sínd eru dæmi um verkefni, farið yfir verkferla, pappírstegundir og möguleika í prentuninni. Seinna kvöldið fær hver þátttakandi tækifæri til að setja saman.

Námsmat: 100% mæting.

Kennarar: Setjarar úr heldri manna hópi FBM og eigendur Reykjavík Letterpress.

Staðsetning: Reykjavík Letterpress, Lindargötu 50.

Tími: 22. og 23. október kl. 18.00 - 22.00.

Lengd: 12 kennslustundir.

Fullt verð: 36.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 9.000 kr.

NÁMSKEIÐ

Handbandsnámskeiðið

Námskeiðið er upplagt fyrir þá sem vilja rifja upp eða læra undirstöðu atriðin við að binda inn bók í grunnfalsband. Þátttakendur fá eina bók og fullvinna hana.

Námsmat: 100% mæting.

Kennari: Stefán Jón Sigurðsson.


Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: 29. og 30. október og 4. og 5. nóvember kl. 18.00 - 22.00.

Lengd: 24 kennslustundir.

Fullt verð: 72.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 18.000 kr.



NÁMSKEIÐ

Vefhönnun fyrir grafíska hönnuði og prentsmiði

Markmiðið með námskeiðinu er að efla skilning grafískra hönnuða og prentsmiða á vefhönnun. Farið verður í grundvallaratriði vefhönnunar, undirbúning vefverkefna, tengsl texta og hönnunar, skipulag vefja og notkun myndefnis. Áhrif snjallsíma og spjaldtölva verða sérstaklega skoðuð. Einnig verður rýnt í mælingar og prófanir. Nemendur teikna skissur að vef sem verða rýndar af reyndum vefhönnuðum. Auk fyrirlestra er hvatt til umræðna í tímum, unnin hagnýt verkefni og farið í heimsókn til Hugsmiðjunnar. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að þekkja grundvallaratriði vefhönnunar og mikilvægustu þætti í notendupplifun á vef. Þátttakendur þurfa að koma með eigin fartölvu á námskeiðið.

Námskeiðið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og fékk afbragðsdóma frá þátttakendum.

- Námsmat:** 100% mæting.
- Kennari:** Sigurjón Ólafsson og fleiri.
- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
- Tími:** 8., 15. og 22. október kl. 9.00 - 13.00.
- Lengd:** 18 kennslustundir.
- Fullt verð:** 54.000 kr.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **13.000 kr.**

NÁMSKEIÐ

Illustrator master class

Þetta námskeið er ætlað reynslumiklum Illustrator notendum. Samskipti við Photoshop og InDesign gerir Illustrator að ómetanlegu hjálpartóli með þeim forritum. Jafnframt því að fjalla um ýmsar nýjungar í Illustrator verður kikið á ýmsleg tól sem fara gjarnan framhjá notendum, jafnvel þótt þeir séu stöðugt að nota forritið. Kennari námskeiðsins hefur notað Illustrator frá útgáfu 1.0.

- Námsmat:** 100% mæting.
- Kennari:** Sigurður Ármannsson, hönnuður.
- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 og prentfyrirtæki.
- Tími:** 8. og 9. október kl. 14.00 - 18.00 og 9.00 - 13.00.
- Lengd:** 12 kennslustundir.
- Fullt verð:** 36.000 kr.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **9.000 kr.**

HÁDEGISFYRIRLESTUR

Anicolor prentaðferðin

Með Anicolor prentaðferðinni hafa prentarar átt möguleika á að taka minni upplög í offset prentvélum. Sigurður Jóhannsson vörustjóri prentiðnaðar hjá Nýherja fjallar um þessa aðferð.

- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
- Tími:** 10. nóvember kl. 12.10 - 13.00.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **Ókeypis.**

NÁMSKEIÐ

Grafísk hönnun og prentsmíði

Hér verður farið í nokkra af grunnþáttum grafískrar hönnunar. Þar á meðal hugmyndaferlið og hvernig skissuvinna er unnin. Skoðuð verður meðferð leturs ásamt því að kanna spennuna milli forms og „hvíta plássins (white space)“. Að lokum verður farið í efnisval. Á námskeiðinu verða einnig unnar skemmtilegar hugmyndaæfingar. Kennari námskeiðsins er prentsmiður sem menntaði sig frekar í grafískri hönnun.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ármann Agnarsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	2., 9. og 16. október kl. 9.00 - 13.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	54.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	13.000 kr.

NÁMSKEIÐ

PitStop og félagar

Forskoðun prentgagna er einkar mikilvæg til að forðast alls kyns villur sem komið geta upp. Námskeiðinu að ætlað kynna helstu forrit sem notuð eru í forskoðun og hvaða gagn má hafa af þeim.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Þorgeir Valur Ellertsson, prentsmiður.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	14. október kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	6 kennslustundir.
Fullt verð:	21.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

NÁMSKEIÐ

Facebook og fyrirtækið

All margir Íslendingar eru með reikning á Facebook samskiptasíðunni. Færri hafa velt fyrir sér hvaða möguleika fyrirtæki eiga á samskiptasíðunni til að skapa sér viðskiptatækifæri. Á þessu námskeiði verður farið í gegnum hvernig fyrirtæki geta skapað sér sterkari stöðu og vakið athygli á sér.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sigurður Fjalar Jónsson og Ingi Rafn Ólafsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	20. október kl. 14.00 - 17.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.500 kr.

VINNUSTOFUR

Vítamín fyrir prentara

Hér eru nýjung á ferðinni þar sem boðið verður upp á fjórar tveggja klukkustunda vinnustofur fyrir prentara. Í þessum vinnustofum munu ákveðin aðilar vera leiðandi í umræðu um ákveðin málefni. Markmiðið er að skipst verði á skoðunum og málin krufin. Þær vinnustofur sem boðið er upp á eru eftirfarandi:

- 1. **Blanket** - rétt pökkun og hersla, **Valsar** - ástand og stillingar
- 2. **Density / Lab**, litamælingar í prentun
- 3. **Contrast** og **trapping**, farið í hvernig er fundin er besta density farfa, út frá contrast prufum. Trapping - hvernig getum við notað það til að hjálpa okkur
- 4. **Stillingar** -hjálp við undirbúning verka (pre inking I & II, profil shut off, charaster kurfur).

Kennarar:	Ýmsir fagmenn úr prentiðnaði.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Tilkynnt síðar.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	Ókeypís fyrir aðila að
Prenttæknissjóði	

NÁMSKEIÐ

Adobe Edge og vefmiðlun

Adobe Edge Animate er eitt af nýrri Adobe forritunum sem gerir hönnuðum kleift að búa til gagnvirkt efni fyrir vefinn. Edge Animate hefur tekið við miklu af því sem áður var gert í Flash en með tilkomu HTML-5 staðalsins er Flash plug-inið smá saman að hverfa af vefnum. Á þessu námskeiði verður farið yfir eiginleika Edge Animate, sem byggir á HTML-5, javascript og CSS3 stöðlunum. Margmiðlunar þar sem ljósmyndir, grafík, letur, video, hljóði og forritun er blandað saman með áhrifaríkum hætti. Nauðsynlegt er að hafa nokkra þekkingu á Photoshop eða Illustraitor þegar unnið er með Edge Animate. Önnur þekking s.s. á HTML, CSS, javascript, video og hljóðvinnslu er styrkur.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ágúst Gunnarsson
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	27. og 28. október og 4. nóvember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	54.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	13.000 kr.

Fagmennska

„Við vinnum saman að úrlausn mála með fagmennsku og gæði að leiðarljósi. Við erum jákvæð og sýnum viðskiptavinum og hverju öðru trúnað og traust.“



NÁMSKEIÐ

InDesign Master Class

Þrjú skipti þar sem farið verður yfir helstu nýjungar sem InDesign CC býður upp á og kíkt á fjölmargt sem nýst getur jafnvel reyndum notendum. Meðal annars skoðum við með verkefnum stílsnið af mörgum gerðum, flýtiáðgerðir, Desktop Publishing fyrir iPad, snjallrar leitaráðgerðir, gagnvirk PDF, Adobe Exchange, Creative Cloud svo nokkuð sé nefnt.

Námskeið er einungis ætlað þeim sem góð tök hafa á InDesign.

- Námsmat:** 100% mæting.
- Kennari:** Sigurður Ármannsson, hönnuður.
- Staðsetning:** Tækniskólinn, tölvuhús.
- Tími:** Mánudaginn 3. og þriðjudaginn 11., 12., og 13. nóvember kl. 14.00 - 18.00.
- Lengd:** 18 kennslustundir.
- Fullt verð:** 63.000 kr.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **12.000 kr.**

NÁMSKEIÐ

Photoshop Master Class

Á þessu námskeiði verður farið yfir helstu nýjungar sem hafa verið að koma fram í Photoshop að því leyti sem snýr að hönnuðum á auglýsingastofum og í prentsmiðjum. Það getur verið talsvert mál að fylgjast með nýjungum í forritinu eða kynna sér hvernig bæta má vinnsluferlið með notkun þess. Hér gefst tækifæri á að fá samantekt á þessu beint í æð og vinna nokkrar æfingar til að festa þetta betur í minni.

Námskeið er einungis ætlað þeim sem góð tök hafa á Photoshop.

- Námsmat:** 100% mæting.
- Kennari:** Sigurður Ármannsson, hönnuður.
- Staðsetning:** Tækniskólinn, tölvuhús.
- Tími:** 2. og 9. desember kl. 14.00 - 18.00.
- Lengd:** 12 kennslustundir.
- Fullt verð:** 36.000 kr.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **8.000 kr.**

NÁMSKEIÐ

GREP fyrir InDesign

Einher sagði: „ef þú ert að gera eitthvað í InDesign aftur og aftur er eitthvað sem þú hefur farið á mis við.“

GREP er eitt af þessum frábæru hjálpartólum sem tiltölulega fáir eru að nýta sér. Hægt er að spara sér gríðarlega fyrirhöfn með því að kunna þó sé ekki nema smáræði í GREP. GREP er skipanamál sem byggt er inn í InDesign sem gefur kost á að leita og breyta texta á allt annan hátt en flestir þekka svo sem að finna allar tölur í texta sem eru í þessu mynstri 00.000,00 kr. og setja þær í Character Style og setja lítið bil á undan kr. á nokkrum sekúndum. Námskeiðið er stutt en miðar við að koma nemendum inn í þetta tiltölulega einfalda skipanamál með æfingum og sýna fram á notagildi sem þeir hefðu átt að tileinka sér fyrir löngu.

- Námsmat:** 100% mæting.
- Kennari:** Sigurður Ármannsson.
- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
- Tími:** 3. desember kl. 14.00 - 18.00.
- Lengd:** 6 kennslustundir.
- Fullt verð:** 18.000 kr.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **4.500 kr.**

FYRIRTÆKJAKYNNING

Hvað er efst á baugi hjá Hvítlist?

Hér er á ferðinni önnur fyrirtækjakynning IÐUNNAR. Nú munu forsvarsmenn Hvítlistar taka við kyndlinum. Þar er margt nýtt í gerjun og gaman verður að sjá hvað þeir hafa upp á að bjóða.

- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
- Tími:** 13. nóvember kl. 18.00 - 20.00.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **Ókeypis.**

HÁDEGISFYRIRLESTUR

Hvað er Big Data?

Mikið hefur verið skrifað og skeggrætt um Big Data í undanförunum misserum. Brynjólfur Borgar Jónsson ráðgjafi hjá Capacent hefur sérhæft sig í þessum málum og mun kynna fyrir okkur möguleika Big Data á næstkomandi árum.

- Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
- Tími:** 8. desember kl. 12.10 - 13.00.
- Verð til aðila IÐUNNAR:** **Ókeypis.**

Virðing

„Okkar samskipti einkennast af virðingu fyrir skoðunum, hugmyndum og viðhorfum hvers annars. Við leggjum áherslu á heiðarleika í samskiptum, veitum ráðgjöf og styðjum jafnræði til náms.“

Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum

Haldið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Námskeiðið er ætlað stjórnendum og millistjórnendum í prentfyrirtækjum. Hver hluti er þrjú klukkutímar og er ætlast til að þátttakendur taki alla hluta.

Nýjar hugmyndir og tækifæri á markaði

Á námskeiðinu er farið yfir hugtakið nýsköpun og hvernig starfandi fyrirtæki geta nýtt núverandi styrkleika til að takast á við ný eða breytt verkefni og þannig styrkt samkeppnishæfni sína. Rætt verður um mikilvægi þess að virkja sem flesta starfsmenn við nýsköpun og nýja hugsun í störfum sínum. Farið verður yfir aðferðir við að greina ný tækifæri á markaði og bent á leiðir til að vinna skipulega úr þeim. Á námskeiðinu vinna nemendur stutt hagnýt hópverkefni sem tengjast nýsköpun og greiningu tækifæra.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	6. október kl. 9.00 - 12.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	Tilkynnt síðar.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Tilkynnt síðar.

Markaðsmál og nýjustu boðleiðir

Á námskeiðinu verður fjallað um þau grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga við markaðssetningu á nýrri vöru og þjónustu. Á námskeiðinu verður fjallað um markaðssetningu á internetinu og farið verður yfir atriði varðandi uppbyggingu og innihald á heimasíðum, notkun samfélagsmiðla og hvernig nýta má leitarvélur til að ná árangri. Fjallað er um markaðshlutun, markhópagreiningu, sérstöðu vöru og þjónustu, mikilvægi ímyndar, og kynningarstarf.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	13. október kl. 9.00 - 12.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	Tilkynnt síðar.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Tilkynnt síðar.



Business canvas

Á námskeiðinu verðu hugmyndafræði „Business Model Canvas“ kynnt og bent á þann ávinning sem lítil og meðalstór fyrirtæki geta haft af þessari aðferðafræði við greiningu og forgangsröðun nýrra viðskiptatækifæra. Kynnt verða til sögunnar dæmi um hvernig fyrirtæki hafa nýtt sér „Canvas“ aðferðina og þátttakendur leiddir í gegnum æfingu þar sem aðferðin er notuð við að draga fram helstu þætti viðskiptahugmynda.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	20. október kl. 9.00 - 12.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	Tilkynnt síðar.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Tilkynnt síðar.

Klasar og nýsköpun

Á námskeiðinu verður fjallað um hugtakið klasa og hvernig lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt sér samstarf við önnur fyrirtæki til að bæta árangur í rekstri. Kynnt verða til sögunnar dæmi um íslenska og erlenda klasa og áhersla lögð á undirbúning að myndun klasa og bent á leiðir til að greina fyrstu verkefni klasa. Þátttakendur vinna stutt verkefni þar sem unnið verður með hagnýtar aðferðir klasafræðanna.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	6. október kl. 9.00 - 12.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	Tilkynnt síðar.
Verð til aðila IÐUNNAR:	Tilkynnt síðar.

HÚSASMÍÐIR
PÍPULAGNINGAMENN
MÁLARAR
DÚKLAGNINGAMENN
MÚRARAR
HÚSGAGNASMÍÐIR



BYGGINGAMENN

Ábyrgð byggingarstjóra

Gerir þú þér grein fyrir ábyrgðinni?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur. Markmið þess er að upplýsa þá um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjórar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld og farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir. Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Magnús Sædal, byggingafulltrúi og Gunnar Pétursson, lögfræðingur.
Reykjavík:	Laugardagur 30. ágúst, kl. 9.00 - 17.00, IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Akureyri:	Laugardagur 25. október kl. 10.00 - 18.00, Skipagötu 14.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	45.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	7.000 kr.

BYGGINGAMENN

Brunaþéttingar

Iðnmeistarinn er ábyrgur fyrir brunapéttingum í sínu fagi

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að bygginga framkvæmdum. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunapéttingar og efnun sem notuð eru til þeirra. Að loknu námskeiði fá þátttakendur viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun sem er samstarfsaðili um námskeiðið.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun.
Reykjavík:	Fimmtudagur 11. september kl. 13.00 - 17.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Akureyri:	Fimmtudagur 9. október kl. 13.00 - 17.00. Skipagata 14, Akureyri.
Borgarnes:	Fimmtudagur 23. október kl. 13.00 - 17.00. Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
Selfoss:	Fimmtudagur 16. október kl. 13.00 - 17.00. Austurvegi 56, Selfossi.
Reykjavík:	Þriðjudagur 6. nóvember kl. 13.00 - 17.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

BYGGINGAMENN

Skyndihjálp

Hvað gerir þú ef slys ber að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla starfsmenn á byggingavinnustöðum. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífgunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossinum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Frá Rauða krossinum.
Tími:	Þriðjudagur 14. október kl. 13.00 - 19.00.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	2.500 kr.

BYGGINGAMENN

Hljóðvist í húsum

Frágangur húshluta

Þetta er námskeið fyrir fagmenn í byggingariðnaði sem starfa við frágang veggja, lofta gólfa og annarra byggingahluta. Markmið þess er að kenna þátttakendum réttan frágang og grundvallaratriði varðandi hljóðvist. Fjallað er um hljóðeinangrun, hljóðhöggveinangrun, hljóðisog, ómtíma og önnur atriði sem snerta hljóðvist. Farið er yfir frágang og notkun byggingarefna sem henta hverju tilfelli fyrir sig.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Steindór Guðmundsson, hljóðverkfræðingur hjá Verkis.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 9. október kl. 13.00 - 18.00.
Lengd:	8 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.





BYGGINGAMENN

Raki og mygla í húsum I

Að læra að þekkja og fyrirbyggja rakavandamál í húsnæði

Á þessu námskeiði verður fjallað um raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingar-efnum. Markmið þess að að kenna þátttakendum að þekkja myglu og kynna þeim ráðstafanir gegn henni. Farið verður yfir helstu galla á byggingafræðilegum lausnum og helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Farið verður lauslega í loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingahluta. Fjallað verður um byggingaraka og greiningu rakaskemmda. Fjallað verður um lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, BSc í líffræði og meistaranemi í lýðheilsuvísindum og Kristinn Alexandersson, bygginga-tæknifræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf.
Tími:	Fimmtudagur 25. september kl. 13.00 - 19.00.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Raki og mygla í húsum II

Hvernig á að losna við vandamálið?

Þetta er framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, BSc í líffræði og meistaranemi í lýðheilsuvísindum og Kristmann Magnússon, bygginga-tæknifræðingur, mannvirkjahönnuður og húsasmíðameistari.
Sauðárkrókur:	Fimmtudagur 9. október kl. 13.00 - 19.00. Farskólinn við Faxatorg.
Reykjavík:	Fimmtudagur 23. október kl. 13.00 - 19.00. IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Raunkostnaður útseldrar þjónustu

Að reikna „rétt“ verð

Þetta er námskeið fyrir þá sem selja út vinnu, efni og tæki. Hér er m.a. kennt á forritið TAXTA sem gerir þátttakendum kleift að átta sig á einfaldan hátt á því hver raunkostnaður er að baki útseldri vöru og þjónustu. Taxti er líkan sem byggir á raunverulegum tölum um kostnað úr eigin rekstri. Út frá þeim reiknar TAXTI kostnað og nauðsynlegan hagnað af vöru og þjónustu. Þátttakendur munu að loknu námskeiði geta reiknað út verð á útseldri vinnu starfsmanna, verð á útseldri vélavinnu og vöruverð. Á námskeiðinu munu þeir flytja upplýsingar úr ársreikningum í TAXTA, fá tækifæri til að öðlast góða kostnaðarvitund, skilja forsendur verðmyndunar og hvernig hagnaður verður til. Þátttakendur þurfa að koma með síðasta ársreikning úr eigin rekstri og eru hvattir til að koma með eigin fartölvur en tölvur eru einnig í boði á kennslustað.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI og Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur.
Reykjavík:	Þriðjudagur 16. september kl. 14.00 - 19.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Akureyri:	Þriðjudagur 11. nóvember kl. 14.00 - 19.00. Símey, Þórsstíg 4.
Lengd:	7 kennslustundir.
Fullt verð:	18.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	4.000 kr.



BYGGINGAMENN

Framkvæmdastjórnun og áætlanagerð í byggingariðnaði

Árangursrík stjórnun

Þetta er námskeið fyrir þá sem vilja bæta hæfni sína við stjórnun framkvæmda í byggingariðnaði. Markmið þess er að kenna þátttakendum nútíma aðferðir við áætlanagerð, skipulag samskipta og eftirfylgni verkefna. Fjallað er um grunnhugmyndir og hugtök í framkvæmdastjórnun, ræsingu verklegra framkvæmda fyrir minni verkefni, verk- og gæðaaáætlanir, áhættumat og öryggisáætlanir. Þátttakendur læra að nota algengan hugbúnað við verkefnastjórnun og þekkja algeng samskiptakerfi við verkefnastjórnun. Einnig að þekkja aðferðir við gerð kostnaðaráætlana og stjórnun og utnumhald um helstu staðla og reglur vegna mannvirkjagerðar og stjórnun. Þátttakendur munu kynna aðferðum straumlínustjórnunar í verklegum framkvæmdum (LEAN). Kennsla fer fram með fyrirlestrum, dæmum og umræðum í kennslustund og hópvinnu í vinnustofu. Nemendur vinna að heimaverkefnum á milli tíma.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sveinn Áki Sverrisson, véltæknifræðingur B.Sc.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagar 24. október 7. og 21. nóvember kl. 13.00 - 17.00 og laugardagar 25. október 8. og 22. nóvember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	30 kennslustundir.
Fullt verð:	48.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	9.000 kr.



Gæðastjórnun í byggingariðnaði

Hinn 1. janúar 2015 gengur í gildi ákvæði mannvirkjalaga um að allir iðnmeistarar sem ætla að taka að sér verkefni sem eru uppáskriftaskyld skuli hafa vottað gæðastjórnunarkerfi.

BYGGINGAMENN

Gæðastjóri að láni

Fræðsla inni í fyrirtækjum

Á haustönn 2014 býður IDAN fræðslusetur iðnmeisturum sem ætla sér að starfa við uppáskriftaskyld verkefni að fá til sín sérfræðing í gæðastjórnun sér að kostnaðarlausu. Markmið verkefnisins er að kenna þátttakendum að setja upp og vinna í eigin gæðakerfi. Gæðastjórinn mun aðstoða og leiðbeina iðnmeisturum við að koma upp gæðakerfi sem hentar rekstri hvers og eins. Þátttakendur í verkefninu þurfa að hafa sótt eða ætla sér að sækja námskeið IDUNNAR um gæðastjórnun.

Verkefnið hefst 1. október og geta þeir meistarar og fyrirtæki sem óska eftir að fá gæðastjóra að láni skrá sig á vef IDUNNAR, www.idan.is/gaedastjori eða í síma 590 6400.

BYGGINGAMENN

Gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara og byggingarstjóra

Græðum á gæðum

Þetta er námskeið fyrir iðnmeistara í byggingariðnaði og byggingarstjóra sem vilja koma sér upp eigin virku og vottuðu gæðakerfi. Markmið þess er að kenna þátttakendum að setja upp og vinna í eigin gæðakerfi. Þátttakendur eru hvattir til að koma með eigin fartölvur en tölvur eru einnig í boði á kennslustað.

Námsmat: 100% mæting.

Kennari: Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI og Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur og sérfræðingur í gæðastjórnun.

Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagar 10. og 24. október og 7. nóvember kl. 13.00 - 17.00 og laugardagar 11. og 25. október og 8. nóvember kl. 9.00 - 16.00.

Lengd: 30 kennslustundir.

Fullt verð: 48.000 kr.

Verð til aðila IDUNNAR: 9.000 kr.



BYGGINGAMENN

Gæðakerfi í byggingaiðnaði

Gæðin byggja á þekkingu

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla sem ætla sér að starfa í byggingariðnaði í framtíðinni. Markmið þess er að kenna þátttakendum notkun gæðakerfa. Í mannvirkjalögum og byggingareglugerð eru gerðar miklar kröfur til iðnaðarmanna, stjórnenda, byggingarstjóra og iðnmeistara. Er þess krafist að allir sem einhverja ábyrgð bera við mannvirkjagerð hafi gæðastjórnunarkerfi sem unnið er eftir. Á námskeiðinu er farið í gegnum gæðakerfi vertaka við framkvæmdir og hvernig unnið er eftir því. Æskilegt er að þátttakendur mæti með eigin tölvur en einnig er boðið upp á afnot af tölvum á staðnum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ferdinand Hansen verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI.
Akureyri:	Föstudagur 19. september kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 20. september kl. 9.00 - 16.00. Símey, Þórsstíg 4.
Reykjavík:	Föstudagur 17. október kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 18. október kl. 9.00 - 16.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Selfoss:	Föstudagur 28. nóvember kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 19. nóvember kl. 9.00 - 16.00. Fjölheimar við Bankaveg, Selfossi.
Reykjavík:	Föstudagur 12. desember kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 13. desember kl. 9.00 - 16.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

BYGGINGAMENN

Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

Fyrir rekstur í smáum stíl

Þetta námskeið er ætlað iðnmeisturum sem starfa sem undirverktakar og/eða einyrkjar í bygginga- og mannvirkjagerð. Markmið þess er að kynna grundvallaratriði gæðakerfa. Farið er yfir kröfur til iðnmeistara um gæðastjórnun og gæðakerfi í mannvirkjalögum og byggingareglugerð og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Sérstaklega er farið í saumana á kröfum um staðfestingu á hæfni iðnmeistara, samning á milli byggingarstjóra og iðnmeistara, innra eftirlit iðnmeistara og skráarvistun. Þátttakendur læra að útbúa sjálfir gæðakerfi sem uppfyllir þessar kröfur. Þátttakendur koma með dæmi um verklýsingu úr eigin verki. Æskilegt er að þátttakendur mæti með eigin tölvur en einnig er boðið upp á afnot af tölvum á staðnum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ferdinand Hansen verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI.
Reykjavík:	Fimmtudagur 11. september kl. 14.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Ísafjörður:	Fimmtudagur 2. október kl. 11.00 - 16.00. Suðurgata 12.
Selfoss:	Þriðjudagur 21. október kl. 14.00 - 19.00. Fjölheimum við Bankaveg.
Sauðárkrúkur:	Þriðjudagur 4. nóvember kl. 14.00 - 19.00. Farskólinn við Faxatorg.
Akureyri:	Þriðjudagur 18. nóvember kl. 14.00 - 19.00. Símey, Þórsstíg 4.
Reykjavík:	Fimmtudagur 4. desember kl. 14.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	7 kennslustundir.
Fullt verð:	18.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.





BYGGINGAMENN

Merking vinnusvæða

Til að auka öryggi

Þetta námskeið er fyrir verktaaka sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda skv. reglugerð nr. 492/2009, þannig að merkingar þessar séu samræmdar. Fjallað er um lög og reglugerðir, flokkun vegna og gatna, umferðarmerki, umferðarstjórn. Einnig vinnusvæðið, umgengnisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit, rammareglur um merkingar vinnusvæðis, varnar- og merkingarbúnað, ljósabúnað, merkjavagna, vinnutæki og öryggisbúnað. Ennfremur um lagnavinnu og leyfisskyldar framkvæmdir á vegsvæðum, vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu. Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Opna háskólann í HR.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Björn Ólafsson og Ingvi Árnason hjá Vegagerðinni og Jóhann Christiansen hjá Reykjavíkurborg
Staðsetning:	Opni háskólinn í HR.
Tími:	Fimmtudagur 13. nóvember kl. 8.30 - 16.30 og föstudagur 14. nóvember kl. 8.30 - 16.30.
Lengd:	24 kennslustundir.
Fullt verð:	75.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR	15.000 kr.

BYGGINGAMENN

BIM fyrir byggingamenn

Framtíðin í byggingariðnaði

Þetta námskeið er ætlað iðnaðarmönnum sem ætla sér að starfa við byggingaframkvæmdir í framtíðinni. Markmið þess er að kynna þáttakendum BIM (Building Information Modeling) og hvernig fagmenn vinna með það á byggingavinnustað. BIM er ný aðferðafræði við hönnun mannvirkja þar sem hönnuðir setja upp rafrænt, þrívítt líkan af mannvirkjum, byggingahlutar eru tengdir saman og upplýsingar um efni, áferð, magn og fl. eru síðan tengdar við þá. Farið er yfir grunnhugmyndafræði að baki kerfinu og framsetningu hönnunargagna gagnvart þeim sem eiga að vinna verkið. Þátttakendum verður kennt að nota skoðunarforrit sem hægt er að hlaða niður ókeypis af Netinu og hvernig vinnugögn eru notuð og prentuð úr þeim.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Áslaug Elísa Guðmundsdóttir, byggingafræðingur.
Akureyri:	Föstudagur 7. nóvember kl. 13.00 - 16.00 og laugardagur 8. nóvember. kl. 9.00 - 16.00. Sírný, Þórsstíg 4.
Reykjavík:	Föstudagur 21. nóvember kl. 13.00 - 16.00 og laugardagur 22. nóvember. kl. 9.00 - 16.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	16 kennslustundir.
Fullt verð:	25.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

BYGGINGAMENN

Hnífasmíði

Að smíða sín eigin áhöld

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að smíða hnífa og önnur áhöld. Markmið þess er að kenna þátttakendum smíði úr stáli og efnum í skefti og slíður. Þátttakendur fá hnífsblað (geta valið úr nokkrum gerðum), efni í skaft (einnig hægt að velja úr nokkrum viðartegundum) og leður í slíður. Blaðið er skeft og síðan er hnífurinn slíðraður þannig að menn fullklára hníf og slíðra á námskeiðinu.

Námsmat:	100 % mæting.
Kennari:	Páll Kristjánsson hnífasmíður.
Staðsetning:	Álafoss í Mosfellsbæ.
Tími:	Föstudagur 24. október kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 25. október kl. 10.00 - 16.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	25.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

BYGGINGAMENN

Tálgun I

Ferskar viðarnytjar

Þetta er námskeið fyrir þá sem vilja læra hvernig hægt er að nota ferskan við úr skóginum, garðinum eða sumarbústaðarlandinu. Markmið þess er að kenna þátttakendum örugg vinnubrögð og að lesa í skógarefnið út frá útliti, eiginleikum og notagildi gripanna sem tálga á. Þátttakendur kynnst ýmsum íslenskum viðartegundum, eiginleikum þeirra og nýtingarmöguleikum og læra að tálga nytjahluti og skrautmuni úr þeim. Ennfremur að umgangast og hirða bitáhöld í ferskum viðarnytjum, hnífa, klippur, exi og sagir. Farið er í gegnum hvernig að fullgera eigi tálguhluti, þurrka, pússa og bera á. Allt efni og áhöld eru til staðar á námskeiðinu. Hægt verður að kaupa tálguhúsníf á námskeiðinu fyrir þá er vilja. Þátttakendur eiga að mæta í vinnufatnaði og taka með sér svuntu og fatnað eftir veðri vegna skógarferðar.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og verkefnisstjóri Lesið í skóginn.
Staðsetning:	Landbúnaðarháskóli Íslands Reykjum Ölfusi.
Tími:	Föstudagur 17. október kl. 16.00 - 19.00 og laugardagur 18. október kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	14 kennslustundir.
Fullt verð:	22.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

BYGGINGAMENN

Tálgun II

Meiri viðarnytjar

Þetta er framhaldsnámskeið fyrir þá sem sótt hafa grunnnámskeiðið Tálgun og lært að tálga með hnífum og öxi og beita „öruggu hnífsbrögðunum“ við tálgunina. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að búa til áhöld og búnað til heimilisnota með sérstakri áherslu á eldhúsið og gerð áhalda til matargerðar og vinnu með matvörur. Notaðar verða ólíkar viðartegundir og efni sótt beint í skóg að hluta til og farið í þurrkun og yfirborðsmeðhöndlun gripanna. Brýning áhalda verður á sínum stað og kynning á sértækum áhöldum til nota með bitáhöldunum. Þátttakendur taka þátt í því að sækja efni í skóg með því að kvista upp tré og grisja, lesa í efnið, meðhöndla og vinna fyrir notkun og geymslu. Námskeiðið er liður í því að efla vitund og virkni þátttakenda í að bæta vistspor sín og lifa í sátt við skógarnáttúruna og styrkja hana sem „góða og gefandi auðlind“. Hægt verður að kaupa tálguhúsníf á námskeiðinu fyrir þá er vilja. Þátttakendur eiga að mæta í vinnufatnaði og taka með sér svuntu og fatnað eftir veðri vegna skógarferðar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og verkefnisstjóri Lesið í skóginn.
Staðsetning:	Landbúnaðarháskóli Íslands Reykjum Ölfusi.
Tími:	Föstudagur 31. október kl. 16.00 - 19.00 og laugardagur 1. nóvember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	14 kennslustundir.
Fullt verð:	22.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

BYGGINGAMENN

SketchUp

Teikniforrit fyrir alla - ókeypis á Netinu

Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja rissa upp teikningar og setja upp í prívídd. Teikniforritið SketchUp er ótrúlega einfalt í notkun og allir geta nálgast það ókeypis á Netinu. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði í notkun forritsins, helstu skipanir og aðgerðir. Á námskeiðinu eru unnin 3 einföld verkefni sem gefa góða mynd af notkun forritsins.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Björn Jóhannsson landslagsarkitekt.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 16. október kl. 16.00 - 19.00 og fimmtudagur 23. október kl. 16.00 - 19.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Húsgagnagerð úr skógarefni

Skógarnytjar

Þetta námskeið er fyrir alla sem vilja læra hvernig hægt er að smíða úr því efni sem er að falla til við grisjun. Á námskeiðinu læra þátttakendur að nýta grisjunarefni í húsgagnagerð og aðrar hagnýtar nytjar, kynnast eiginleikum einstakra viðartegunda og nýtingu þeirra, setja saman kolla og bekki úr greinaefni og bolviði/skógarfjólum. Einnig kynnast þeir fersku og þurru efni og samsetningu þess og læra að afberkja, ydda, setja sama og fullvinna húsgögnin, yfirborðsmeðferð og fúavörn. Öll verkfæri og efni er til staðar en þátttakendur mæta í vinnufatnaði á námskeiðið. Allir fara heim með einn koll og bekk. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og Ólafur G.E. Sæmundsson, skógtæknir.
Staðsetning:	Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum í Grímsnesi.
Tími:	Föstudagur 3. október kl. 16.00 - 19.00 og laugardagur 4. október kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	14 kennslustundir.
Fullt verð:	23.500 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

BYGGINGAMENN

Torf- og grjóthleðslur

Byggingaraðferð forfeðranna

Námskeiðið er ætlað öllum þeim er vilja læra hvernig hægt er að byggja úr torfi og grjóti. Hvort sem um ræðir vegg, kartöflukofa eða önnur smærri mannvirki. Þátttakendur fá innsýn í íslenska byggingararfleið og kynnast verklagi við byggingu úr hefðbundnu íslensku efni. Fjallað verður um íslenska torfbæinn, uppbyggingu hans, efnisval og framkvæmd. Einnig verður fjallað um hleðslu frístandandi veggja og stoðveggja úr torfi og grjóti. Lögð er áhersla á verklega kennslu. Hlaðinn verður veggur o.fl. á námskeiðinu.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Guðjón Kristinsson, torf- og grjóthleðslumeistari.
Staðsetning:	Lbhí að Reykjum í Ölfusi.
Tími:	Föstudagur 17. október kl. 9.00 - 17.00 og laugardagur 18. október kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	28.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

BYGGINGAMENN

Fallvarnabúnaður

Öryggi við vinnu

Námskeiðið er ætlað öllum sem vilja læra að nota fallvarnabúnað á réttan hátt. Markmið þess er að kenna þátttakendum örugga notkun búnaðar sem ætlaður er að koma í veg fyrir slys vegna falls úr hæð. Fjallað er um tengitaugar, fallblakkir línur, belti og ýmsan annan búnað og gefst þátttakendum kostur á að prófa búnaðinn á námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Ísfell ehf.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sérfræðingar frá Ísfelli.
Staðsetning:	Vatnagarðar 20, Reykjavík.
Tími:	Fimmtudagur 16. október kl. 15.00 - 19.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	2.500 kr.

BYGGINGAMENN

Málmsuða fyrir byggingamenn

Aukin fjölhæfni

Þetta námskeið er fyrir byggingamenn sem vilja læra undirstöðuatriði í málmsuðu og notkun málmsuðutækja. Farið er í gegnum helstu öryggisatriði og grunnatriði varðandi ljósbogasúðu, meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu. Einnig stillingu suðuvéla, mælingar á gasflæði, val á vír fyrir pinna- og MIG/MAG suðu og slípun skauta fyrir TIG suðu. Þátttakendur munu sjóða einfaldar TIG, MIG/MAG og pinnasuður.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Guðjón Guðstaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagarðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 21. október kl. 13.00 - 16.00. Miðvikudagur 22. október kl. 13.00 - 16.00. Fimmtudagur 23. október kl. 13.00 - 16.00
Lengd:	15 kennslustundir.
Fullt verð:	48.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	9.000 kr.



HÚSASMÍÐIR

Frágangur rakavarnalaga

Gegn fúa- og mygluskemmdum

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarluta sem mynda ytra byrði húsa s.s. þaka og útveggja. Markmið þess er að fræða þátttakendur um hlutverk og frágang rakavarnalaga og mikilvægi þess að rétt sé frá þeim gengið. Fjallað er um raka í byggingum og byggingarefnum, eiginleika og gerðir rakavarnalaga, límbönd, þéttiefni og frágang þeirra. Farið er í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingahluta. Ritið Frágangur rakavarnalaga frá NMÍ er hluti námskeiðsgagna.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jón Sigurjónsson yfirverkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
Reykjavík:	Fimmtudagur 2. október kl. 15.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Sauðárkrúkur:	Fimmtudagur 6. nóvember kl. 15.00 - 19.00. Farskólinn við Faxatorg.
Selfoss:	Fimmtudagur 20. nóvember kl. 15.00 - 19.00. Austurvegi 56.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

HÚSASMÍÐIR OG MÁLARAR

Nýlögn og viðhald parkets (Master training)

Góðir starfshættir gera starfið auðveldara

Þetta námskeið er fyrir alla þá sem vilja auka við þekkingu sína í vinnu á nýju sem gömlu parketi. Fjallað er um alla þætti undirbúnings parketlagningar s.s. frágang undirgólfs(rakavörn, grunnun, flotun og viðgerðir á sprungum) og límingu parkets og þá parketslípun. Þátttakendum er jafnframt kennt að viðarfylla parket, olíubera, lita (bæsa) og lakka parket. Einnig er kennt hvernig er best að standa að viðgerðum á parketi eftir að það hefur verið lagt (viðgerð á holhljóði sem og skemmd í yfirborði parkets). Námskeiðið er haldið í samstarfi við BONA Nordic og Gólfefnaval ehf.

Kennarar:	Jonas Nilsson frá Bona Svíþjóð og Antti Viitala frá Bona Finnlandi.
Þýðandi á íslensku:	Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdarstjóri Gólfefnavals ehf.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagur 24. október kl. 13:00 –19:00 og laugardagur 25. október kl. 09:00 –17:00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

HÚSASMÍÐIR

Þök, rakaástand og mygla

Loftun er málið

Þetta er námskeið fyrir alla sem vinna við nýsmíði og endurnýjun á þökum. Markmið þess er að kenna þátttakendum hvernig ganga á frá þökum þannig að þau fúni ekki eða skemmist af völdum myglusvepps. Farið er í helstu orsakir skemmda af völdum raka og hvernig best er að ganga frá loftun. Fjallað er um loftunarleiðir og frágang klæðninga og rakavarnar.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Björn Marteinsson, verkfræðingur/arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 14. október kl. 14.00 - 19.00.
Lengd:	7 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

HÚSGAGNASMÍÐIR / HÚSASMÍÐIR

Brunahólfandi innihurðir og glerveggir

Með tilliti til bruna og hljóðs

Þetta námskeið er fyrir trésmíði sem smíða og setja upp innihurðir og glerveggi. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á smíði, uppsetningu og frágangi brunahólfandi hurða og glugga og efnun sem notuð eru og því hlutverki sem þeir gegna í brunavörnum húsa og öryggi fólks. Húsasmíðameistarinn er ábyrgur fyrir uppsetningu þeirra og öllum frágangi. Farið verður yfir smíði brunahólfandi hurða, efnisval, þéttlista og frágang. Mismunandi gerðir eldvarnarglers og frágangur í ramma. Ísetningu hurða og val á hurðarlokara (pumpu). Hvernig hurðir og gluggar eru merktir.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 4. nóvember kl. 13.00 - 17.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

Framsækni

„Við erum í fararbroddi á okkar sviði og erum óhrædd við að tileinka okkur nýjungar og sýna frumkvæði.“



BYGGINGAMENN

Húsverndarstofa

Ráðgjöf um húsvernd

ÍÐAN fræðslusetur stendur að rekstri Húsverndarstofu í samvinnu við Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Tilgangur Húsverndarstofu er að standa fyrir fræðslu og ráðgjöf um viðhald og viðgerðir á eldri húsum. Þar er einnig sögusýning um byggingatækni.

Í Húsverndarstofu er veitt ráðgjöf alla miðvikudaga frá kl. 15.00 - 17.00 og í síma 411 6333. Sérfræðingar frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og Minjastofnun Íslands eru þar til viðtals og veita ráðgjöf sem er notendum að kostnaðarlausu.

HÚSASMIÐIR / HÚSGAGNASMIÐIR

Trérennismíði

Við rennibekkinn

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að nota rennibekk við trésmíðar. Markmið þess er að kenna þátttakendum meðferð efnis og véla í vinnu við trérennismíði. Farið er í undirstöðuatriði varðandi notkun rennibekkjá og verklegar æfingar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Félag Trérennismiða.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Guðmundur Magnússon, húsasmiðameistari og Magnús Kristmundsson, húsasmiðameistari og kennari við FB.
Staðsetning:	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Verknámshús við Hraunberg.
Tími:	Föstudagur 10. október kl. 13.00 - 20.00 og laugardagur 11. október kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	6.000 kr.

HÚSASMIÐIR

Timburhús I

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja afla sér aukinnar þekkingar á nýsmíði timburhúsa, t.d. sumarhúsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti smíðinnar og hvað ber að varast við byggingu timburhúsa. Fjallað um kröfur og stífleika og farið yfir álög, Kynntar eru mismunandi undirstöður fyrir staðbyggð timburhús. Fjallað um vegg- og þakburðavirki. Einnig er fjallað um þéttleika, rakavarnarlög og frágang. Þetta er fyrra námskeið af tveimur. Timburhús II verður kennt á vorönn 2015.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur og Björn Marteinnsson, verkfræðingur og arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagur 12. nóvember 13.00 - 19.00 og laugardagur 13. nóvember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	6.000 kr.



HÚSASMIÐIR

Gluggaviðgerðir

Gamlir gluggar verða eins og nýir

Á þessu námskeiði lærir þú að gera við gamla timburglugga í timbur- og steinhúsum. Fjallað er um helstu gerðir eldri glugga og aðferðir sem notaðar voru við smíði, ísetningu og frágang á þeim. Farið er yfir mat á skemmdum, vinnuaðferðir við gluggaviðgerðir og fjallað um val á viðgerðarefnum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Einar S Hjartarson, húsasmiðameistari.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Laugardagur 18. október kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	4.000 kr.

HÚSASMIÐIR / HÚSGAGNASMIÐIR

Trébátasmiði

Lifandi handverk

- í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar

Þetta er grunnnámskeið um smíði trébáta. Fjallað er um gerðir trébáta og aðferðir sem notaðar eru við smíði og frágang á þeim. Farið er í gegnum grundvallaratriði í smíði og munu þátttakendur leggja kjöl og byrðing auk annarra verklegra þátta. Námsefni er m.a. Leiðarvísir að bátasmiði, tveir mynddiskar þar sem fylgst er með smíði báts frá kili að sjósetningu.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Hafliði Aðalsteinsson, skipasmiðameistari og Eggert Björnsson, bátasmiður.
Akureyri:	Föstudagur 10. október kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 11. okt. kl. 9.00 - 16.00. Skipagötu 14.
Reykjavík:	Föstudagur 31. október kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 1. nóvember kl. 9.00 - 16.00. Korngarðar.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Vatnsúðakerfi - Sprinkler

Réttindanámskeið

Námskeiðið er ætlað pípulagningamönnum með full sveins- og meistararéttindi og er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Farið er yfir hönnun vatnsúðakerfa, staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Einnig er farið yfir lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi. Öllum er frjálst þátttaka á námskeiðnu en einungis pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Guðmundur Gunnarsson, verkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun. Ástvaldur Eiríksson hjá Eldvarnabjónustunni og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagur 14. nóvember kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 15. nóvember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

HÚSASMIÐIR

Verðskrá húsasmiða - Uppmæling

Þetta námskeið er fyrir alla húsasmiði sem starfa eða ætla sér að starfa í uppmælingu. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á grundvallaratriðum í uppmælingakerfinu. Farið er í gegnum helstu þætti kerfisins og lögð er sérstök áhersla á talningu verkþátta og smáatriði sem skipta máli í því sambandi. Einnig eru tekin dæmu um útreikning og uppgjör mælingarinnar.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Bragi Finnbogason og Sigurjón Einarsson, mælingamenn og húsasmiðameistarar.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 4. nóvember kl. 15.00 - 19.00 og þriðjudagur 11. nóvember kl. 15.00 - 19.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN OG AÐRIR LAGNAMENN

Plastsuða

Réttar suðuaðferðir

Markmið þessa námskeiðs er að kenna þátttakendum aðferðir við plastsuðu. Fjallað er um plastlagnir almenn, farið er í efnisfræði lagnaefnis, undirbúning lagnavinnu og helstu þætti niðurlagningar. Ítarlega er fjallað um samsetningaraðferðir lagna, viðgerðir og yfirborðsmeðhöndlun. Áhersla er lögð á spegilsuðu, múffusuðu og extruderingu (þráðsuðu) og skýrslugerð varðandi suðu. Námskeiðið er bæði verklegt og bóklegt.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Gunnar Magnússon, plastsuðusérfræðingur. Sigurður Geirsson, tæknifræðingur og leiðbenendur frá Sýni og Vinnueftirlitinu.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Ódagsett
Lengd:	30 kennslustundir.
Fullt verð:	35.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	7.000 kr.

Fagmennska

„Við vinnum saman að úrlausn mála með fagmennsku og gæði að leiðarljósi. Við erum jákvæð og sýnum viðskiptavinum og hverju öðru trúnað og traust.“



PÍPULAGNINGAMENN

Þrýstiloftskerfi

Þéttar plastlagnir

Þetta er námskeið fyrir fagmenn sem vilja leggja loftlagnir á réttan hátt. Markmið þess er að kenna þátttakendum grunnatriði varðandi tækni og útfærslur á loftlögnum. Farið er yfir helstu þætti hönnunar og undirbúnings og fjallað um efni og tæki. Einnig er farið í gegnum stillingar og frágang.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sigurður Viggó Halldórsson, pípulagningameistari og Bjarni Halldórsson, rafvirkjameistari.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 5. nóvember kl. 16.00 - 20.00 og fimmtudagur 12. nóvember kl. 16.00 - 20.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	4.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Afhending lagnakerfa

Réttur frágangur

Þetta er námskeið fyrir pípulagningamenn sem vilja skila af sér lagnakerfum á réttan hátt. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti varðandi frágang og afhendingu lagnakerfa þannig að þau fullnægi kröfum byggingareglugerðar.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sveinn Áki Sverrisson, véltæknifræðingur B.Sc.
Reykjavík:	Þriðjudagur 28. október kl. 15.00 - 19.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Akureyri:	Þriðjudagur 18. nóvember kl. 15.00 - 19.00. Skipagata 14, Akureyri.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	4.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN OG AÐRIR LAGNAMENN

Varmadælur

Lausnir fyrir köld svæði

Varmadælur geta sparað verulegan kostnað við kyndingu húsa á köldum svæðum. Á þessu námskeiði er í boði að afla sér þekkingar á varmadælum og notkun þeirra í byggingum. Farið er í uppbyggingu og gerðir varmadæla, tengingar, stillingar og lokafrágang. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Orkusetun og Verklagnir ehf.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sigurður Friðleifsson frá Orkusetri, Þór Gunnarsson tæknifræðingur frá Ferli og Gunnlaugur Jóhannsson pípulagningameistari og Pétur Kristjánsson ráðgjafi.
Reykjavík:	Föstudagur 3. október kl. 13.00 – 19.00, ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Selfoss:	Föstudagur 31. október kl. 13.00 – 19.00, Austurvegur 56, Selfossi.
Lengd:	8 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	3.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Hefðbundin stjórnþunaður hitakerfa

Stýring hitakerfa

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn sem vilja afla sér þekkingar á mismunandi gerðum af vélrænum stjórnþunaðum fyrir hitakerfi. Farið er í gegnum notkun á mismunandi gerðum lokum sem notaðir eru við þrýstistýringar, þrýstijafnarar, mótþrýstilokar, þrýstiminnkara og hitastýriloka. Kynntir eru helstu eiginleikar þessa þunaðar og hvað ber að hafa í huga við val á honum í hvert verkefni og stærðarákvörðun. Einnig verður fjallað um varmaskipta, hvað þarf að hafa í huga við val á þeim og hvernig stærðarútreikningar fara fram.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sérfræðingur frá Danfoss.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 20. nóvember kl. 15.00 - 19.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	3.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Tilbúnað tengigrindur

Uppsetning og frágangur

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn sem vilja læra rétta uppsetningu tilbúinna tengigrinda. Markmið þess er að þátttakendur geti sett upp og gengið frá tilbúnum tengigrindum á réttan hátt. Fjallað er um mismunandi gerðir tengigrinda og tengingu þeirra við kerfi hússins og stýringar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Danfoss.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sérfræðingar frá Danfoss.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 20. nóvember kl. 15.00 - 19.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Rafeindabúnaður í hitakerfum

Stýring hitakerfa

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn sem vilja afla sér þekkingar á mismunandi gerðum rafstýringa og íhluta sem notaðir eru í hitakerfum í dag. Farið er í faglegan grunn mismunandi reglunartækni og val á búnaði. Skoðaðar eru mismunandi gerðir af hita- og þrýstinum ásamt mótorklokum, hvað ber að hafa í huga þegar þesskonar búnaður er valinn. Kynntar verða algengar rafeindastýringar sem notaðar eru í stjórnun hitakerfa svo sem veðurstöðvar og herbergishitastillar t.d. fyrir gólfhitakerfi. Jafnframt verður farið í gegnum notkun á hraðastýringum fyrir dælur í þrýstiauka- og hringrásarkerfum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Jóhannes Skarphéðinsson.
Reyðarfjörður:	Laugardagur 11. október kl. 11.00 - 17.00. Molinn Reyðarfirði.
Reykjavík:	Laugardagur 8. nóvember kl. 10.00 - 16.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

Virðing

„Okkar samskipti einkennast af virðingu fyrir skoðunum, hugmyndum og viðhorfum hvers annars. Við leggjum áherslu á heiðarleika í samskiptum, veitum ráðgjöf og styðjum jafnræði til náms.“

MÚRARAR, VEGGFÓÐRARAR, PÍPULAGNINGAMENN
OG HÚSASMÍÐIR

Frágangur votryma I

Til að hindra vatnstjón

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votryma. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við frágang votryma til að hindra vatnstjón. Fjallað er um uppbyggingu votryma og efni sem henta til þeirra hluta. Einnig er fjallað um frágang yfirborðs, þéttingar og þéttlög. Farið er í lagnaleiðir, frágang og þéttingar með lögunum, niðurföllum og hreinlætistækjum. Ennfremur er fjallað um viðahald á votrymum. Á vorönn 2015 verður boðið upp á framhaldsnámskeið, Votrymi II, fyrir hverja iðngrein fyrir sig þar sem fjallað verður sérstaklega um aðferðir og frágang sem snerta þær.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands,
Reykjavík:	Miðvikudagur 22. október kl. 15.00 - 19.00 og miðvikudagur 29. október kl. 15.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Akureyri:	Laugardagur 15. nóvember kl. 10.00 - 17.00, Skipagata 14.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	18.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.

MÚRARAR OG HÚSASMÍÐIR

Niðurlögn steinsteypu

Rétt vinnubrögð – grundvallaratriði í húsbyggingum

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla sem starfa við steypu. Hér afla þátttakendur sér þekkingar og skilnings á meðhöndlun og niðurlögn steinsteypu. Fjallað er um samsetningu og eiginleika steinsteypu, mótavinnu, niðurlögn og móttöku á byggingarstað. Farið er yfir eftirmeðhöndlun og vetrarsteypur og fjallað um afleiðingar rangrar meðhöndlunar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Steinsteypufélag Íslands.

Námsmat	100% mæting.
Kennarar:	Einar Einarsson, BM Vallá, Kai Westphal, Steypustöðinni, Helgi Hauksson, NMÍ.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Föstudagur 14. nóvember kl. 13.00 - 19.00.
Lengd:	8 kennslustundir.
Fullt verð:	15.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

MÚRARAR

Nýjungar í flísalögnum

Nýjasta nýtt

Þetta námskeið er fyrir fagmenn sem vilja kynna sér nýjungar í flísalögnum. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu nýjungar sem komið hafa fram á síðustu árum í uppsetningu og frágangi flísa. Fjallað er um efni og tæki og meðhöndlun þeirra. Farið er yfir verklag og vinnubrögð og fjallað um afleiðingar rangrar meðhöndlunar.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Álfaborg.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Erlendir sérfræðingar.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 27. nóvember kl. 15.00 - 19.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Verð:	Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

MÁLARAR

SIKA eldvarnarmálning

Sprautun og efnismeðferð

Þetta er námskeið fyrir málara sem vilja kynna sér nýjungar í eldvarnarmálningu. Markmið þess er að þátttakendur fái góða yfirsýn yfir nýjustu efni og aðferðir við eldvarnarmálun. Fjallað er um efni, verkfæri og áhöld og fá þátttakendur að prófa að mála og sprauta með eldvarnarmálningu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Málningu hf. og SIKA.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Erlendir sérfræðingar frá SIKA.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 6. nóvember kl. 15.00 - 19.00
Lengd:	5 kennslustundir.
Verð:	Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.



MÁLARAR

Viðarmálun

Gamlar vinnuaðferðir í nútímanum

Þetta er námskeið um vinnuaðferðir sem voru mikið notaðar á fyrri hluta síðustu aldar en hurfu næstum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái góða þekkingu á aðferðum við viðar-málun. Fjallað er um stílbrigði og farið yfir litarefni, verkfæri og áhöld. Námskeiðið er að miklu leyti verklegt.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Helgi Grétar Kristinsson kennari við Tækniskólann.
Staðsetning:	Tækniskólinn, Skólavörðuholti.
Tími:	Föstudagur 14. nóvember kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 15. nóvember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	20 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	6.000 kr.

DÚKLAGNINGAMENN

Nýjungar í dúkum

Það nýjasta í gólfdukkum

Þetta námskeið er fyrir veggfóðrara og dúkklagningamenn sem vilja kynna sér helstu nýjungar í gólfdukkum. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um nýjungar og þróun varðandi gólfduka, undirbúning, undirlag, límgerðir, merkingar, munstrun, máltöku o.fl. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsar gerðir nýrra dúka og efna sem notuð eru við niðurlögn þeirra. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Gólfefnival.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Sérfræðingar frá Gólfefnivali.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudagur 20. nóvember kl. 13.00 - 17.00.
Lengd:	5 kennslustundir.
Verð:	Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Autodesk fyrir byggingamenn

Mikið úrval námskeiða

ÍÐAN fræðslusetur er viðurkenndur kennsluáðili (ATC Authorized Training Center) fyrir Autodesk forrit og hefur um margra ára skeið boðið upp á námskeið í þeim meðal annars:

- Autodesk Revit
- AutoCad og AutoCad LT
- Autodesk Inventor
- AutoCad Electrical

Sjá nánar í kaflanum Tölvustudd hönnun á bls. 60 - 61.



Öryggi og vinnuvernd

Námskeið haldin í samvinnu við Vinnueftirlitið

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Frumnámskeið

Réttindi á helstu gerðir vinnuvéla

Þetta námskeið veitir bókleg réttindi á lyftara með 10 tónna lyftigetu og minni, dráttarvélar með tækjabúnaði og minni gerðir jarðvinnuvéla (4 tonn og undir), körfukrana, steypudælar, valtura, útlagningarvélar fyrir bundið slitlag og hleðslukrana á ökutækjum með allt að 18 tm lyftigetu.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins.
Staðsetning:	Stórhöfði 27, Reykjavík.
Tími:	7., 8. og 9. október kl. 8.30 - 16.00.
Lengd:	30 kennslustundir.
Fullt verð:	39.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	8.000 kr.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Byggingakranar

Réttindi á byggingakrana

Þetta námskeið veitir réttindi á byggingakrana. Hér er í boði þekking á helstu gerðum þessara tækja ásamt stjórnun og meðferð þeirra. Einnig er farið yfir vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum. Að lokinni verklegri þjálfun og verklegu prófi fá þátttakendur full réttindi til að stýra tækjunum

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins.
Staðsetning:	Stórhöfði 27, Reykjavík.
Tími:	7., 8. og 9. október kl. 8.30 - 16.00.
Lengd:	30 kennslustundir.
Fullt verð:	39.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR	8.000 kr.

ÖRYGGISMÁL

Áhættumat – grunnnámskeið

Öll störf fela í sér áhættu

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að öryggismálum á byggingavinnustöðum. Markmið þess er kenna þátttakendum grunnatriði við gerð áhættumats á störfum sem unnin eru á vinnustað. Kennend er áhættugreining sem notuð er fyrir mismunandi verklegar framkvæmdir og kynnt áhættumatseyðublað sem sniðið er að þörfum minni fyrirtækja. Í reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum er kveðið á um að öll fyrirtæki skuli gera öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir sína starfsemi, en slík áætlun inniheldur áhættumat á störfum starfsmanna.

Kennari:	Guðmundur Kjerúlf sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu.
Staðsetning:	Bildshöfði 18, Reykjavík.
Tími:	18. nóvember kl. 13:00 - 16:00.
Lengd:	4,5 kennslustundir.
Fullt verð:	20.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.





MEISTARAR
HÁRSNYRTISVEINAR
NEMAR

ALLIR

Öflugt sjálfstraust

„Efnismikið og vel framreitt. Góðar æfingar. Jóhann Ingi er frábær fyrirlesari.“

Sjálfstraust er undirstaða margra færniþátta, svo sem því hvernig okkur vegnar í samskiptum við aðra, hvernig við setjum markmið, tökum ákvarðanir og vinnum undir álagi. Markmið námskeiðsins er að kenna aðferðir til að efla sjálfstraust og ákveðni og skoðað hvað einkennir einstaklinga með hátt/lágt sjálfsmat. Fjallað er um áhrif hugarfars, viðhorfa og hugsunar á hegðun og líðan, sjálfstjórn og sjálfstyrkingu.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Mánudagur 15., fimmtudagur 18. og mánudagur 22. september kl. 16.15 - 19.15.
Lengd:	13 kennslustundir.
Fullt verð:	31.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	19.140 kr.

ALLIR

WordPress – minn eigin vefur

Settu upp þinn eigin vef

Á námskeiðinu kynnst þátttakendur Wordpress vefumsjónar-kerfinu og nýta það til að setja upp eigin vef frá grunni. Wordpress er opinn og ókeypis hugbúnaður og hentar einstaklega vel sem vefumsjónarkerfi fyrir litla og meðalstóra vefi. Námskeiðið er því kjörið fyrsta skref fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja koma sér upp vef. Í kjölfar námskeiðsins verður boðið upp á ráðgjöf og vinnustofur fyrir þá sem það vilja.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sigurður Fjalar Jónsson, kennari og vefstjóri.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	22. og 23. september og 29. og 30. september.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	18.000 kr.

ALLIR

Facebook sem markaðstæki

Að kynna vörur og framleiðslu á Facebook

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á Facebook samfélagsmiðlinum sem markaðstæki. Farið er yfir uppsetningu á Facebook síðu, helstu notkunarmöguleikum, ímynd fyrirtækis og vörunnar.

Námsmat:	Verkefnavinna.
Kennari:	Sigurður Fjalar Jónsson, vefstjóri.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 15. október kl. 15.00-18.00.
Lengd:	3 kennslustundir.
Fullt verð:	7.500 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

ALLIR

Skyndihjálp

Hvað gerir þú ef slysbær að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skirteini frá Rauða krossinum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Frá Rauða krossinum.
Tími:	Þriðjudagur, 14. október kl. 13.00-19.00.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20 og í fyrirtækjum.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	2.500 kr.

Þú átt inni 10.000 krónur!

Ef greitt er af þér í endurmenntunarsjóð áttu rétt á tíu þúsund króna niðurgreiðslu af fagnámskeiðum að eigin vali. Námskeiðið þarf að vera tengt hársnyrtiðinni. Þetta virkar svona:

Þú skráir þig undir þínu nafni, ekki nafni stofunar sem þú vinnur á. Greiðir reikninginn og sýnir fram á greiðsluna. Því næst getur þú sótt um niðurgreiðslu. Greitt er að hámarki 50% af hverju námskeiðsgjaldi að hámarki tíu þúsund krónur. **Nánari upplýsingar er að finna hjá Fjólu Hauksdóttur hjá IÐUNNI.**





ALLIR

Markviss framsögn og tjáning

Aukið þor til að tala opinberlega

Á námskeiðinu fá þátttakendur æfingu í að flytja mál sitt á markvissan og öruggan hátt frammi fyrir hópi fólks. Fjallað verður um þætti sem gagnlegt er að þjálfá með sér til að ná og halda athygli áheyranda.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Margrét Pálsdóttir, málfræðingur.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Þriðjudagur 23. og fimmtudagur 25. september kl. 16.15-19.15.
Lengd:	9 kennslustundir.
Fullt verð:	19.800 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	11.880 kr.

ALLIR – EINNIG SÉRNIÐIÐ FYRIR FYRIRTÆKI

Jólakonfekt

Það jafnast ekkert á við heimagerð konfekt!

Á námskeiðinu búa þátttakendur til nokkrar gerðir af handgerðu konfekt. Afslöppuð kvöldstund sem líka er hægt að sérpanta fyrir vinnustaði. Tilvalið t.d. fyrir vinahópa eða vinnustaði. Við skellum á jólatónlist og fáum okkur malt og appelsín. Jólin koma aldrei of snemma! Ef um fyrirtækjanámskeið er að ræða eru fundnar dagsetningar sem henta hverju sinni.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jón Ingi Ólafsson matreiðslumaður og konditor.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, eða í fyrirtækjum
Tími:	Þriðjudagur 25. nóvember kl. 18.00-21.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

ALLIR

Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching) Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt

Lærðu að njóta lífsins betur og vera virkari

Þátttakendur læra leiðir til að njóta lífsins betur og vera virkari. Farið er í léttar og skemmtilegar æfingar sem eru til þess fallnar að nýta eigin styrkleika betur, bæta samskipti og ná meiri árangri. Þátttakendur taka Realise2 styrkleikapróf og fá styrkleikagreiningu. Prófið er innifalið í námskeiðsgjaldi. Jákvæð sálfræði fæst við rannsóknir á því sem fólk gerir rétt frekar en því sem fólk gerir rangt.

Jákvæð sálfræði hefur þrjár grunnstoðir: jákvæðar tilfinningar, styrkleika og jákvæð samskipti. Dæmi um styrkleika einstaklinga eru hugrekki, samúð, sköpunarkrafur, þrautseigja og heilindi.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Anna Jóna Guðmundsdóttir, kennari og Þórhildur Sveinsdóttir, markþjálfari.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Miðvikudagar frá 15. október til 12. nóvember kl. 19.30-21.30.
Lengd:	15 kennslustundir.
Fullt verð:	33.400 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	20.040 kr.

ALLIR

Hlutverk hópstjórans / vaktstjórans

Hvernig virkar þetta best – hvaða leið á ég að fara?

Markmið þessa námskeiðs er að styrkja þátttakendur í þeim hlutverkum sem þeir takast á við í sínu starfi hvort sem þeir eru hópstjórar, vaktstjórar eða verkstjórar. Námskeiðið fjallar um alla helstu þætti í stjórnun starfsmanna á vinnustað og fá þátttakendur tækifæri til að tengja ólík hlutverk við sín eigin störf. Námskeiðið er í formi fyrirlestra, verkefna og umræðna í hópum. Farið er sérstaklega í hrós og endurgjöf, sterka liðsheild, traust milli starfsmanna og erfiða starfsmenn.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Brynja Bragadóttir, doktor í vinnu- og heilsusálfræði.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Þriðjudagur 30. september kl. 16.15-19.15.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	14.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	8.400 kr.

EINYRKJAR OG VERKTAKAR

Reiknað endurgjald

Þetta ætti að vera skyldunámskeið fyrir alla !

Námskeiðið hentar vel öllum þeim sem stunda sjálfstæðan rekstur. Fjallað verður um helstu reglur sem gilda um reiknað endurgjald og hvað það er sem einstaklingar í eigin atvinnurekstri verða að hafa í huga. Þátttakendur fá svör við spurningum eins og t.d. Hvað er verktaki? Hvað er reiknað endurgjald? Hverjir reikna sér endurgjald? Hvernig á að skrifa reikninga? Hvað á ég að borga mér?

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Katrín Helga Reynisdóttir, viðurkenndur bókari.
Staðsetning:	Profito, Nýbýlavegi 8 - 3. hæð.
Tími:	Þriðjudagur 14. október kl. 18.00 - 21.00.
Lengd:	4,5 kennslustundir.
Fullt verð:	8.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.500 kr.

EINYRKJAR OG VERKTAKAR

Virðisaukaskattur

Ertu með rekstur á eigin kennitölu eða lítið fyrirtæki?

Á námskeiðinu verður gefið greinagott yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir sem varða virðisaukaskatt og fá þátttakendur svör við algengum spurningum sem varða framkvæmdina. Hvað er virðisaukaskattur og af hverju er hann reiknaður? Hvenær má nota innskatt og hvenær ekki? Hvað með rekstur bifreiða og virðisaukaskatt? Hverjir eiga að gera grein fyrir virðisaukaskatti og hverjir eru undanþegnir? Hvenær á að skila virðisauka og hverjar eru lágmarksfjárhæðir?

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Katrín Helga Reynisdóttir, viðurkenndur bókari.
Staðsetning:	Profito, Nýbýlavegi 8 - 3. hæð.
Tími:	Þriðjudagur 7. október kl. 18.00 - 21.00.
Lengd:	4,5 kennslustundir.
Fullt verð:	8.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.500 kr.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA



Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. www.idan.is/postlisti



ÞEIR SEM HAFNA GRUNN Í VERKEFNASTJÓRNUN

Verkefnastjórnun II - verkefnisáætlun

Enn frekari hæfni til að leiða verkefni

Á námskeiðinu er farið yfir helstu hugtök og grunnatriði verkefnastjórnunar þar sem lögð er áhersla á gerð verkefnisáætlunar sem er grundvöllur að góðri verkefnastjórnun. Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hlutverk verkefnastjórnans.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sveinbjörn Jónsson, verkfræðingur og gæðastjóri hjá Vífilfelli.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Mánudagur 6. og fimmtudagur 9. október kl. 08.30 - 12.30.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	36.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	21.600 kr.



MATREIÐSLUMENN
FRAMREIÐSLUMENN
KJÖTIÐNAÐARMENN
BAKARAR OG STARFSFÓLK
Í FERÐAÞJÓNUSTU

FRAMREIÐSLUMENN

Vín 1

Víngerð, vínlandafraeði, vín og matur

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínunum, víngerð og para saman vín og mat. Þjálfuð er hæfni í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum við framreiðslu á vínunum. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta og dreifist á fjórar vikur. Hverjum hluta lýkur með námsmati. Að loknum fjórum námskeiðum og námsmati fá þátttakendur skírteini sem staðfestir námslok þeirra. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

1. Vínekran og þrúgurnar

Á námskeiðinu er áhersla lögð á að efla þekkingu á vínþrúgum og vinnrækt. Fjallað er um vinnviðinn og hvernig hann vex, kjörlandi og nýlendur, viðhald og undirbúning. Þekking aukin á einkennum helstu aðalþrúgnanna. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Eitt heimaverkefni (ritgerð, 2-3 síður). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

2. Víngerð

Á námskeiðinu er þekking aukin á sögu vínsins og aðferðum við víngerð. Fjallað er um eikartunnu, mikilvægi hennar og áhrif. Þekking aukin á göllum í víni, aukaefnum, ofnæmisvöldum, o.s.frv. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin í tengslum við áherslur námskeiðsins. Eitt heimaverkefni (ritgerð, 2-3 síður). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

3. Lönd og héruð

Á námskeiðinu er áhersla lögð á að efla þekkingu á uppruna víns. Fjallað er um mismunandi aðstæður og uppruna þar sem sama þrúgan er ræktuð. Gerð grein fyrir áhrifum jarðvegs, loftslags og víngerðar. Helstu einkennum lands eða héraðs. Fjallað um markaðsvín, vínbóndavín og iðnaðarvín. Á námskeiðinu verða fjögur til fimm vín smökkuð, þar af eitt vín blindsmakkað. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun aukin í samhengi við áherslur námskeiðsins. Eitt heimaverkefni (ritgerð um eitt land eða hérað). Samtals fjórar kennslustundir auk heimavinnu.

4. Vín og matur

Á námskeiðinu er þjálfuð færni við að meta grunnbrögðin, umami, síru og tannín. Þekking aukin á samræmi á milli víns og matar. Hvað fer saman og hvað ekki? Læra að hugsa út fyrir kassann. Gerð grein fyrir því hvernig eigi að mæla með víni. Vín þöruð með réttum. Hæfni þátttakenda í vínsmökkun og para saman vín og mat aukin. Lokaverkefni: Krossaspurningar og stutt ritgerð. Eitt vín blindsmakkað. Samtals 5 kennslustundir með lokaverkefni.

Námsmat: Mat á ritgerðum og lokaverkefni.

Kennari: Dominique Plédel Jónsson.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Mánudagarnir 6., 13., 20. og þriðjudagur 21. október kl. 14.00 - 17.00.

Lengd: 16 kennslustundir.

Fullt verð: 32.800 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 16.500 kr.



MATREIÐSLUMENN, BAKARAR, FRAMREIÐSLUMENN OG KJÖTÍÐNAÐARMENN

Ostagerð

Ostar og ostagerð

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á ostagerð og hagnýtum aðferðum við ostagerð. Framleiðsla einstakra ostategunda er skoðuð til að fá tilfinningu fyrir muninum á vinnsluaðferðum á t.d. skyri, brauðosti, gráðaosti og smurostum. Sýnikennsla og verklegar tilraunir gerðar með einfalda framleiðslu. Farið yfir heimaframleiðslu í samanburði við hefðbundna mjólkurvinnslu. Rætt ítarlega um tæki, tól og aðstöðu sem þarf fyrir hverja ostategund. Tími gefinn í umræður um framleiðsluaðstæður og möguleika þátttakenda á heima-vinnslu mjólkurafurða. Ostagerðabókin er innifalin í verði.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Þórarinn Egill Sveinsson, mjólkurverkfræðingur.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Laugardagur 11. október kl. 10.00 - 17.00.

Lengd: 10 kennslustundir.

Fullt verð: 14.500 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 9.500 kr.



FRAMREIÐSLUMENN OG MATREIÐSLUMENN

Vín og matur

Vín- og matseðlar, aukin upplifun á vínnum

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínnum og samhengi þeirra við hina ýmsu matrétti. Vín- og matseðlar verða skoðaðir og metnir. Áhersla verður lögð á uppbyggingu vínseðla eftir veitingastöðum og áherslum þeirra. Þátttakendur velja vín með ólíkum smáréttum og rökstyðja val sitt með þessum réttum. Áherslan er að auka þekkingu á fjölbreytileika vína, að prófa nýjar leiðir og þjálfa færni fagmanna til þess að auka á upplifun gestsins. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

Námsmat:	Símat á verkefnum.
Kennari:	Dominique Plédel Jónsson.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudagur 22. september kl. 15.00 - 18.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	13.800 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	5.900 kr.



FRAMREIÐSLUMENN OG MATREIÐSLUMENN

Bordeaux vín

Framsækin og sígild Bordeaux vín

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu fagfólks á Bordeaux vínnum, uppruna þeirra, fjölbreytileika og flokkunarkerfi vínanna. Fjallað er um jarðveg, þrúgur og vínviðinn, framleiðsluaðferðir, flokkunarkerfi, merkingar, flöskumiða, vintegundir og fjölbreytileika Bordeaux vína. Námskeiðið unnið í samstarfi við Vínskólann.

Námsmat:	Þátttaka í tímum.
Kennari:	Dominique Plédel Jónsson.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Mánudagur 17. nóvember kl. 15.00 - 18.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	12.800 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	5.900 kr.

STARFSFÓLK Í VEITINGAHÚSUM, MÖTUNEYTUM OG BAKARÍUM

Smurbrauð

Listin við smurbrauðsgerð

Markmið námskeiðsins er að auka vörubekkingu þátttakenda á áleggi, hlaufefni og skraufefnum fyrir smurbrauðsgerð. Þeir þjálfast í að velja og áætla hráefni í rétti, fá þjálfun í réttum handtökum við að smyrja brauð, snittur, canapé og pinnamat, að velja skraut og vinna að skrautgerð, vinna með eggja- og kjöthlaup, brauðtertugerð, samlokugerð og að smyrja hefðbundin smurbrauð. Þjálfuð er hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum við smurbrauðsgerð.

Námsmat:	Símat á verkefnum.
Kennari:	Marentza Poulsen, smurbrauðsjómfrú.
Staðsetning:	Hótel og matvælaskólinn í Kópavogi.
Tími:	Mánudagur 13., þriðjudagur 14., miðvikudagur 15. og fimmtudagur 16. október kl. 16.30 - 21.00.
Lengd:	16 kennslustundir.
Fullt verð:	49.700 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	25.900 kr.



BARFRÆÐI 1

Blöndun drykkja

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á brenndum vínum, á bjór og framleiðslu vína. Þjálfuð er leikni í að blanda drykki eftir stöðluðum uppskriftum, bæði áfenga og óáfenga, skreyta drykki þar sem fagleg sjónarmið og sköpunargleði er höfð að leiðarljósi.

Námsmat:	Mat á verkefnum.
Kennari:	Gunnar Rafn Heiðarsson.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagördum 20.
Tími:	Þriðjudagur 18., miðvikudagur 19., og fimmtudagur 20. nóvember kl. 16.00 - 20.30.
Lengd:	16 kennslustundir.
Fullt verð:	29.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	15.900 kr.

BAKARAR

Léttir réttir í bakaríum

Markmið námskeiðsins er að auka færni þátttakenda í matreiðslu á léttum réttum, salötum, súpum, bökkum, smáréttum o.fl. í bakaríum og öðlast leikni í framsetningu matrétta þar sem fjölbreytni, hollusta, næring og litasamsetning er höfð að leiðarljósi.

Námsmat:	Símat á verkefnum.
Kennari:	Marentza Poulsen, smurbrauðsjómfrú.
Staðsetning:	Hótel- og matvælaaskólinn í Kópavogi.
Tími:	Miðvikudagur 29. og fimmtudagur 30. október kl. 16.30 - 21.00.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	24.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	12.900 kr.

MATREIÐSLUMENN

Brýnsla og skerping á hnífum

Brýnsla og skerping á kokkahnífum í samstarfi við Pro Gastro

Markmið námskeiðsins er að auka leikni þátttakenda við að brýna hnífa með með japanskri aðferð. Farið verður yfir meðferð á hnífum. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur komi með tvo til þrjá hnífa 15 – 20 sm. langa á námskeiðið. Best er að koma með Santoku eða Chef's hnífa.

Brýningarsteinn fylgir með námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Pro Gastro.

Námsmat:	Mat á verkefnum.
Kennari:	Óskar Rudolf Kettler.
Staðsetning:	Ögurharf 2, húsnæði Pro Gastro.
Námskeið 1:	Þriðjudagur 14. október kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 2:	Miðvikudagur 15. október kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 3:	Þriðjudagur 18. nóvember kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 4:	Miðvikudagur 19. nóvember kl. 18.00 - 20.00.
Lengd:	3 kennslustundir.
Fullt verð:	10.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	5.000 kr.

Virðing

„Okkar samskipti einkennast af virðingu fyrir skoðunum, hugmyndum og viðhorfum hvers annars. Við leggjum áherslu á heiðarleika í samskiptum, veitum ráðgjöf og styðjum jafnræði til náms.“



MÁLMTÆKNI
VÉLSTJÓRN
BLIKKSMÍÐI

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni I - virkni vökvakerfa

Grunnurinn að sérhæfingu í vökvatækni

Með þessu hagnýta námskeiði er markmiðið að þátttakendur geti með öryggi og leikni reiknað samspil flatar, þrýstings og afls, mælt þrýsting, flæði og hita, ásamt því að teikna kerfisteikningar með réttum táknum. Einnig verða sett upp einföld kerfi í vökvabekk eftir hönnun í tölvuhermi og hermirinn loks notaður til að skoða virkni kerfanna.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	22. - 24. september kl. 08.30 - 16.00.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	110.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	55.000 kr.

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni II - framhald af virkni vökvakerfa

Eftir þetta námskeið eru menn að verða nokkuð góðir

Eftir framhaldsnámskeið getur þú: valið rétta loka í vökvakerfi með tilliti til notkunar, nýtt þér þekkingu til þess að auka stimpilhraða, stillt þrýstinema og gengið þannig frá stimpli að hann sigi ekki undan álagi. Að lokum teiknarðu eða prófar „flóknar“ vökvakerfismyndir í FluidSim.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	29. september - 1. október kl. 08.30 - 16.00.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	110.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	55.000 kr.

NÁMSKEIÐ Í FYRIRTÆKJUM

Hægt er að halda öll námskeið Málm- og véltækniáviðs í fyrirtækjum, sama hvar er á landinu. Gerum tilboð í hvert sinn.

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki!

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni III - rekstur, viðhald og bilanagreining

Að þessu námskeið loknu ertu að verða sjálfbær í glussa

Eftir þetta námskeið ertu fær um að teikna samkvæmt ISO 1219-1 ásamt því að lesa og leiðrétta teikningar, velja rör og „fittings“ miðað við þrýsting og setja upp og tengja slöngur og rör á öruggan hátt. Einnig verður þú fær um að velja réttar síur og síubúnað skv. ISO 4406 og síunarhæfni (βx), meðhöndla og geyma glussa á öruggan hátt og greina orsakir bilana og gera viðeigandi ráðstafanir. Að lokum öðlastu leikni í að innstillta vökvakerfi eftir viðgerðir og setja upp stýrð viðhaldskerfi.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	3. - 5. nóvember kl. 08.30 - 16.00.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	110.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	55.000 kr.

MÁLMIÐNAÐARMENN - VÉLVIRKJAR
VÉLSTJÓRAR - BÍFVÉLAVIRKJAR

Vökvatækni IV - vinnuvélar

Sérhæft námskeið um vökvabúnað fartækja s.s. lyftara, krana, búkollur, hefla, traktorsgrafa o.fl.

Notaður verður sérhæfður búnaður frá FESTO

Að námskeiðinu loknu þekkir þú mikilvæg atriði s.s. hlutfallsstýringar, magnstýringar, kraftstýringar, skaraða og óskaraða loka, forstýriloka, ójafnvægi, fæðingu forstýriloka, lagnir og sérhæfða hluta, efni í vökvakerfum, miðflæðilagnir, stjörnugírinn, stýrisvélar, slöngubrotsloka, sveiflur, titring og hljóð í vökvakerfum ásamt því að læra lagfæringar á þessum hlutum. Einnig verður farið yfir rétt val á olíum og kennt hvernig á að velja rétta loka í vökvakerfi með tilliti til notkunar. Þessa þekkingu munt þú síðan nýta þér á námskeiðinu til þess að auka stimpilhraða, stilla þrýstinema og loks teikna eða prófa „flóknar“ vökvakerfismyndir í FluidSim.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	10. - 12. nóvember kl. 08.30 - 16.00.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	110.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	55.000 kr.

STARFSMENN VIÐ MÁLMSMÍÐAR

Málmsuða - Grunnur

Eftir þetta námskeið þekkir þú grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi ljósbogasúðu. Þú lærir um meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu og verður fær um að stilla suðuvélar, mæla gasflæði, velja vír fyrir pinna- og MIG/MAG suðu, slípa skaut fyrir TIG suðu, sjóða einfaldar TIG, MIG/MAG og pinnasuður og loks beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	9. - 12. desember kl. 08.00 - 12.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	70.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

Pinnasuða

Fyrir stál

Á námskeiðinu færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í pinnasuðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu og þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu. Með þessa þekkingu í farteskinu verður þú fær um að stilla suðuvélar, sjóða einfaldar pinnasuður (stúfsuður, kverksuður) og beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 23. september kl. 13.00 - 17.00 og miðvikudagur 24. september kl. 8.00 - 17.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	70.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

TIG-suða og kynning á plasmasuðu

Fyrir stál, ryðfrítt stál og ál

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í TIG-suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu og öðlast þekkingu á plasmasuðu. Þar með ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, velja skaut, hulsu og slípað skaut og getur soðið einfaldar TIG- og plasmasuður (stúfsuður, kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	18. - 20. nóvember kl. 13.00 - 17.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	70.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

MIG /MAG-suða

Fyrir stál og ál með massífum og duftfylltum vír

Á námskeiðinu færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í MIG/MAG- suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú færð þekkingu á meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu og þjálfast í suðuhermi. Að því loknu ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, sjóða einfaldar MIG/MAG-suður (stúfsuður og kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími	Fimmtudaginn 27. nóvember kl. 13.00 - 17.00 og föstudaginn 28. nóvember kl. 8.00 - 17.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	70.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	35.000 kr.

Fagmennska

„Við vinnum saman að úrlausn mála með fagmennsku og gæði að leiðarljósi. Við erum jákvæð og sýnum viðskiptavinum og hverju öðru trúnað og traust.“

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA



Skráðu þig á póstlista IDUNNAR fræðsluseturs og fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði sem tengjast þínu fagsviði.

www.idan.is/postlisti



MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - PÍPULAGNINGAMENN

Logsuða

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í logsuðu og meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu. Að því loknu ertu fær um að stilla suðutæki, velja rétt gas og spíssa, meta og mæla gasflæði, sjóða einfaldar suður í plötu og rör (stúfsuðu) ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar fjórir hafa skráð sig,
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	70.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

Ál og álsuða

Efniseiginleikar áls eru mjög frábrugðnir öðrum málum og suða einnig. Farið er yfir efnisfræði áls og eiginleika. Fjallað um suðuaðferðir og prófanir á suðum. Fjallað um ýmsa samsetningarmöguleika áhluta. Farið er í meðhöndlun efnis, hreinsun, undirbúning suðu og suðugæði. Í verklega hlutanum er soðið með TIG- og MIG-suðuaðferðum. Á námskeiðinu kynnist þú eiginleikum áls og færð innsýn í efnisfræði, ásamt því að fá yfirsýn yfir samsetningarmöguleika áls og gæðakröfur.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	2. - 4. desember kl. 13.00 - 17.00
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	80.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	35.000 kr.

MÁLMIÐNAÐARMENN - SUÐUMENN

Suðupjálfun í fyrirtækjum

Sérfræðingur IÐUNNAR í málmsuðu mætir í fyrirtæki, metur þekkingu og leikni þátttakenda í þeim suðuaðferðum sem notaðar eru. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur sérfræðingur IÐUNNAR prófið fyrir og kemur prófstykkjum til vottaðs matsaðila.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Samkomulag.
Lengd:	Eftir umfangi.
Fullt verð:	Eftir umfangi.
Verð til aðila IÐUNNAR:	1/3 af fullu verði.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

CNC-stýrðar iðnvélar

Það er skortur á CNC mönnum um allan heim í dag

Farið er í virkni hvers konar tölvustýrðra iðnaðarvéla. Kennt er á rennibekk og fræsivél en keyrsla fræsivéla er mjög svipuð keyrslu annarra véla s.s. skurðarvéla, yfirfæsa (trésmíði) og lokka.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Ragnar Þórisson.
Staðsetning:	Í viðkomandi fyrirtæki.
Tími:	Samkomulag.
Lengd:	Eftir umfangi.
Fullt verð:	Eftir umfangi.
Verð til aðila IÐUNNAR:	1/3 af fulluverði.

MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

Rennismíði og fræsing

Hér lærir þú að þekkja vinnsluhætti rennibekkja, bor- og fræsivéla, öryggis- og umgengnisreglur, umhirðu og meðferð úrgangs. Einnig verður farið í helstu uppspenniaðferðir í rennibekk og fræsivél, gerðir og notkunarsvið skurðarverkfæra. Að því loknu verður farið í deilingar í deilivél, hvernig beita skal mælitækjum og muntu í námskeiðslok geta leyst einföld verkefni í rennibekk og fræsivél innan 0,1 mm málvika.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	Iðnskólinn í Hafnarfirði.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	36 kennslustundir.
Fullt verð:	165.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	45.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Þrýstiloftskerfi (loftstýringar)

Á þessu námskeiði lærir þú um eiginleika lofts og hvernig þeir breytast við aukin þrýsting og breytingar á hitastigi, rakaútfellingar o.fl. Þú lærir um stofnkerfi og lagning, þrýstiloftstákn og teikningar loftstýrikerfa. Farið verður yfir ýmsa loka og aðra íhluti og skoðuð virkni þeirra. Farið verður yfir tengistykki, slöngur, hvernig efni eru í lögnum og hvar þær henta best. Sérstaklega verður farið yfir stýringar á lokum bæði með lofti og rafmagni. Iðntölvur verða sérstaklega skoðaðar með tilliti til þessa. Tveim þriðju hluta þessa námskeiðs verður varið í að teikna kerfi, leggja þau og fá þau til að virka (verkefni).

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Kristján Kristjánsson, Iðnaðartæknifræðingur B.Sc.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Auglýst síðar.
Lengd:	60 kennslustundir.
Fullt verð:	200.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	50.000 kr.

BLIKKSMÍÐIR - MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

Rafmagnsfræði

Að loknu þessu námskeiði þekkir þú grunnatriði rafmagnsfræðinnar ásamt framleiðslu- og flutningsferlum raforku, helstu öryggisatriði varðandi rafleiðara og muninn á milli jafnstraums og ríðstraums, einfasa og þriggja fasa rafmagns, lekaliða og öryggja. Einnig verður farið í segullíða, spenna og afriðla, undirstöðuatriði í virkni iðntölva (PLC) og rafmagns-teikningar. Með þessa þekkingu að vopni geturðu notað fjölsviðsmæli (AVO), mælt spennu og einangrað leiðara með því að slá út í töflu og læsa öryggjum til að einangra vélar fyrir viðgerðir og áttar þig á fyrirkomulagi íhluta í rofa- og tengiskápum. Einnig muntu geta breytt snúningi þriggja fasa rafmótora, gert við framlengingarsnúður, ljóshunda, fjöltengi og sinnt rafgeymum, lesið kraft- og stýrirásateikninga og forritað einfaldar iðntölvur (PLC).

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Björgúlfur Þorsteinsson.
Staðsetning:	Iðnskólinn í Hafnarfirði.
Tími:	Í desember.
Lengd:	60 kennslustundir.
Fullt verð:	195.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	55.000 kr.



MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Iðntölvustýringar

Að loknu þessu námskeiði þekkir þú uppbyggingu iðntölvunnar og virkni, tákmyndir, örgjörva, innganga, útganga, tengingu við loka, skynjara, teljara og rofa, grunnhugtök forritunarmáls og „ladder-forritun“. Með þessa þekkingu að vopni getur þú sett upp og tengt iðntölvu við loka, skynjara, teljara og rofa, forritað iðntölvu með ladder-forritun og látið hana stýra aðgerðum ásamt því að framkvæma villuleit í forriti og átta þig á algengum bilunum.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Guðmundur Rúnar Benediktsson, rafmagnsverkfræðingur.
Staðsetning:	IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	23. - 30. október kl. 08.30 - 16.30.
Lengd:	40 kennslustundir.
Fullt verð:	200.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	70.000 kr.

**KYNNTU ÞÉR FLEIRI
NÁMSKEIÐ Á WWW.IDAN.IS**

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni – áfylling á kælikerfi

Að loknu námskeiðinu þekkir þú hvernig kælimiðli er tappað af og bætt á kælikerfi, hvernig smurólíu er tappað af og bætt á kælipressur, innstillingu há- og lágbrýstiliða, hlutverk þurrkara og þurrkaraskipta og grunnatriði bilanaleitar. Með þessa þekkingu að vopni geturðu bætt kælimiðli á kæli- og frystikerfi, skipt um smurólíu, stillt há- og lágbrýstiliða, skipt um þurrkara og leitað bilana í kerfum.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Hlöðver Eggertsson, vélfræðingur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Fimmtudaginn 11. desember kl. 13.00 - 17.00 og föstudaginn 12. desember kl. 9.00 - 16.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	100.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	40.000 kr.

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni

Inntak námskeiðsins er miðað við undirbúning til hæfnisvottunar í kæli- og frystitækni samkvæmt opinberum kröfum (Evrópu-reglugerðir nr. 834 og 303 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir).

Að loknu námskeiðinu þekkir þú Kyoto – bókunina og grunnatriði varmafræðinnar og áhrif kælingar og frýstingar á matvæli. Einnig verður farið í uppbyggingu kæli- og frystikerfa, helstu íhluti þeirra, tákni og táknumyndir, mælabrettið og notkun þess, mengunar-hættu frá kælikerfum ásamt gildandi reglugerðum um kælimiðla, áhrif yfirhitunar og undirkælingar kælimiðils. Loks verður fjallað um handbækur kælikerfa, uppbyggingu þeirra og tilgang auk gildandi staðla um hönnun og smíði. Með þessa þekkingu að vopnu geturðu bilanaleitt kælikerfi, leitað að leka, stillt há- og lágbrýstiliða, afhrímt, skipt um þurrkara og sjónglös, stillt yfirhitun og undirkælingu, bætt á og tæmt kerfi af kælimiðli og smurólíu.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	60 kennslustundir.
Fullt verð:	415.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	170.000 kr.

Framsækni

„Við erum í fararbroddi á okkar sviði og erum óhrædd við að tileinka okkur nýjungar og sýna frumkvæði.“



VÉLSTJÓRAR OG MÁLMTÆKNIMENN

Bilanagreining kælikerfa

Á námskeiðinu verður rífaður upp grunnur kælitækninnar. Fjallað verður um a.m.k 20 mismunandi bilanir í kælikerfum, t.d. óþéttir sogventlar, óþéttir þrýstiventlar, of mikið eimsvalavatn, of lítið eimsvalavatn, vatnslaut frá veitu, stíflaður þurrkari, biluð spóla á segulloka í kæli, óþéttur segulloki í kæli, þensluloki of mikið opinn, þensluloki of lítið opinn, uppfrosin eimir eða bilaðar víftur, of lítil áfylling á kerfi og hugsanlega leki, stíflaður eimsvali, óþéttur nálaloki í olíuskilju, of mikið álag (kerfi of lítið), vantar fasa á þjöppu, biluð vindingavörn, bilaður afbræðsluhitari, bilaður lofthitanemi í kæli (rofinn), bilaður innsprautunarnemi í frýsti, bilun í sogrörshitanema í frýsti. Notast verður við kennslutæki frá Frostmark ehf. sem er með sambyggðum frýsti og kæli. Kerfið notar R 404A sem kælimiðil.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Hlöðver Eggertsson, vélfræðingur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	15. - 17. desember kl. 8.00 - 16.00.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	180.000 kr. á námskeið
Verð til aðila IÐUNNAR:	80.000 kr.



BLIKKSMÍÐIR - MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR - HÖNNUÐIR

Uppbygging loftræsikerfa

Að loknu námskeiðinu þekkir þú alla hluta loftræsikerfa frá inntaksrist til frákastristar, að undanskildum stjórnækjum og stjórnkerfi og tengslin milli kerfishluta og samvirkni þeirra. Þar með geturðu lesið kerfismyndir loftræsikerfa, breytt þeim og leiðrétt ásamt því að skissa upp kerfi og rökstyðja val á einstökum kerfishlutum í ljósi afkasta, hagkvæmni og rekstraröryggis.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	27 kennslustundir.
Fullt verð:	150.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	50.000 kr.

LOFTRÆSIMENN OG BLIKKSMÍÐIR

Útboðsgögn loftræstikerfa og tilboðsgerð

Úttektir og skil loftræsikerfa

Gerð og inntak útboðsgagna og verksamninga ásamt skipulagi og stjórnun verkefna. Þátttakendur þekkja reglugerðir og staðla, kynnast tilboðsgerð, gagna- og verkbonkum. Þeir þekkja kröfur hönnuða, verkkaupa og stjórnvalda til lokaskila loftræsikerfa, fagabyrgðir og hlutverk meistara á ábyrgðartímanum. Jafnframt kynnast þeir uppsetningu handbóka.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	150.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	50.000 kr.

LOFTRÆSIMENN OG BLIKKSMÍÐIR

Hljóð og hljóðdeyfing í loftræsikerfum

Þátttakendur þekkja og skilja grunnhugtök hljóðfræðinnar. Ennfremur kynnast þeir hljóðmyndun í loftræsikerfum og læra aðferðir til að dempa hljóð og áhrif þeirra.

Á námskeiðinu fá þátttakendur grunn í hljóðtæknilegri undirstöðu auk þess sem fengist er við einfalda útreikninga á hljóðstigi, titringseinangrun, hljóð frá blásara, stökkakerfið, hljóðgildur og hljóðstig í loftræstu rými.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Tilkynnt síðar.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	200.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	70.000 kr.

LOFTRÆSIMENN OG BLIKKSMÍÐIR

Stillingar loftræsikerfa

Að námskeiði loknu verður þú fær um að gera þær mælingar á virkni kerfis sem eru nauðsynlegur grunnur að stillingu þess, stilla loftræsikerfi samkvæmt forskrift og færa mælingar og stillingar inn í stilliskýrslu sem verður hluti af handbók kerfis.

Á námskeiðinu verður m.a. fengist við aðferðir við loftmagnsstillingar, grunnatriði mælinga, hraðamælingar í stökkum, afstæðar mælingar, lekamælingar, loftmagnsstillingar, formúlur og útreikninga og handbækur.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Karl Hákon Karlsson, byggingatæknifræðingur.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar sex hafa skráð sig.
Lengd:	32 kennslustundir.
Fullt verð:	200.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	70.000 kr.



VÉLSTJÓRAR - MÁLMIÐNAÐARFYRIRTÆKJUM

Óskaðlegar prófanir NDT. Hljóðbylgja „level I - II“

Inntak námskeiðsins er miðað við undirbúning til hæfnisvottunar samkvæmt ASTM E797:1 staðlinum

Námskeiðið er í samvinnu við TALON NDT LIMITED í Aberdeen Skotlandi. Að loknu námskeiðinu þekkir þú staðalinn ASTM E797:1 og þá eðlisfræði sem hljóðbylgjumælingar byggja á. Einnig muntu geta stillt hljóðbylgjumæli miðað við það efni sem mæla á og þykktarmælt málma, ásamt því að geta sagt fyrir um hvort stykkið sem mælt er standist mál, sé of tært eða hvort tvískinnungur sé í því.

Námsmat:	80% mæting, símat og þrískipt próf: Almennur hluti, sérhæfður hluti og verklegt. Til að standast þarf 80% meðaltal og ekki má vera undir 70% í hverjum hluta fyrir sig.
Kennarar:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltækniþjálfur, IWE. Kristján Kristjánsson, vélfraeðingur og iðnaðartækniþjálfur. Ian R. Judge LEVEL II.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar tíu hafa skráð sig.
Lengd:	120 kennslustundir.
Fullt verð:	300.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	200.000 kr.

STARFSMENN Í MÁLMIÐNAÐARFYRIRTÆKJUM-VÉLSTJÓRAR

Kerrusmíði (málmsmíði)

Inntak námskeiðsins er miðað við að viðkomandi einstaklingar geti smíðað kerrur og fylgt öllum reglugerðum þar um.

Að loknu námskeiðinu þekkir þú öryggi á vinnustað í málmiðnaði, mælitæki og öll helstu vélar og tæki í málmiðnaði og getur notað handverkfæri á réttan hátt. Einnig verður farið í spónlausu vinnu, spóntöku, málmskurðaraðferðir, helstu málmsuðuaðferðir, lóðun, skrúfur, bolta og draghnoð og reglur um kerrur og búnað þeirra. Með þessa þekkingu að vopni muntu geta smíðað kerru.

Námsmat:	Símat og 80% mæting.
Kennari:	Gústaf Adólf Hjaltason, véltækniþjálfur, IWE. Kristján Kristjánsson, vélfraeðingur og iðnaðartækniþjálfur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Verður haldið þegar tíu hafa skráð sig.
Lengd:	120 kennslustundir.
Fullt verð:	150.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	30.000 kr



Fylgdu okkur á
Facebook
www.facebook.com/idanfraedslusetur

HÖNNUÐIR - MÁLMÍÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR INVENTOR

Autodesk Inventor 2015 Essentials® Grunnnámskeið

Inventorinn er framúrskarandi forrit til þrívíðrar hönnunar á gegnheilum módelum og færslu tvívíðra teikninga í þrívíð módel.

Að loknu þessu hagnýta námskeiði eiga nemendur að þekkja undirstöðuatriði í þrívíðri, tölvustuddri hönnun og getað skissað í forritinu ásamt því að geta sett inn skýringar, efnis- og íhlutalista. Fleiri atriði verða tekin fyrir s.s. hvernig á að stýra hreyfingum samsettra hluta, leiðrétta misfellur, leggja faglegt mat á eigin verk og gera þau þannig úr garði að þau séu nothæf fyrir breiðan hóp samstarfsmanna. Einnig munu nemendur geta valið, mótað og staðsett íhluti í samsetningu og loks búið til teikningar með vörpun, sniði, hlutmyndum og ísómetríu.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	17. - 18. og 24. - 25. október kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	48 kennslustundir.
Fullt verð:	140.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	70.000 kr.

HÖNNUÐIR - ÍÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD 2014 & AutoCAD LT 2015® Grunnnámskeið

Á þessu námskeiði afla nemendur sér traustar þekkingar á viðmóti forritsins, skipunum þess og tækni til að skapa, lagfæra og prenta tvívíð verkefni. Auk þess læra þeir grunninn sem er nauðsynlegur til að vinna með AutoCAD í þrívídd. Þar með geta þeir teiknað og málsett einfalda hluti og útbúið snyrtilegar og aðlaðandi teikningar ásamt því að hagnýta þekkingu sína í tvívíðri hönnun við aðstæður á vinnustað.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	3. - 4. og 10. - 11. október kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	48 kennslustundir.
Fullt verð:	140.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	70.000 kr.

ÍÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.

HÖNNUÐIR - ÍÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD Electrical 2015 Essentials® (IEC Standard) Grunnur

Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðupjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.

Á þessu úrvalsgóða námskeiði læra nemendur að þekkja þau fjölmörgu tæki og töl sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

Yfirferð/skýringar á uppbyggingu forrits, viðmót, stillingar og uppsetning og stöðlun, verkefnastjórn, rafmagnsteikning, innsetning tákna, aðferðir til breytingar/afritunar, skýrslur, listar og skrár og útlitsmyndir.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Sigurgeir Þorleifsson, rafmagnstæknifræðingur.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	23. - 24. september kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	24 kennslustundir.
Fullt verð:	90.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	40.000 kr.

HÖNNUÐIR - ÍÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR AUTOCAD


AutoCAD Electrical 2015 Essentials® (IEC Standard) Framhald

Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðupjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.

Á þessu úrvalsgóða námskeiði auka nemendur við þau fjölmörgu tæki og töl sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

Gerð raf-tákna og vistun í gagnagrunni, gerð útlits-tákna og vistun í gagnagrunni, skipulag og vistun v/eigin tákna, skipulag tenginúmera í gagnagrunni, notkun og gerð iðntölvu-tákna, einlínuteikningar, P I & D teikningar.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Sigurgeir Þorleifsson, rafmagnstæknifræðingur.
Staðsetning:	ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	30. september og 1. október kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	24 kennslustundir.
Fullt verð:	90.000 kr.
Verð til aðila ÍÐUNNAR:	40.000 kr.



HÖNNUÐIR - IÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR INVENTOR

Inventor 2015 „súper módel“ (Skeleton Construction)

Súpermódel einkennast af því að passa fullkomlega saman. Það kemur hönnun þín líka til með að gera þegar þú hefur lokið námskeiðinu. Á námskeiðinu lærir þú að vinna með „skynsöm módel“ (Intelligent Models) bæði hvað varðar „geómetríu og parameter“. Einblínt er á að módelið á að passa 100%. Námskeiðið er fyrir alla sem vinna með Inventor - óháð því hvað verið er að hanna - því súper módel er hægt að nota á öllum stigum. Allir sem hafa þörf fyrir að vinna með námkvæm og flókin módel hafa gagn af námskeiðinu.

Markmið:

Hér kemurðu til með að vinna með módel sem hafa bæði skírskotun til málma, plasts og timburs. Einnig verður unnið með þunnplötu (Sheet Metal og Frame Generator). Þú munt læra að vinna með yfirborðsmódel, 3D sketch og Solids - allt er tengt. Frá einfaldri línu að síðasta boltagati.

Farið verður í samsetningar röra, plötufni og grindarhönnun.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri, CAD ehf.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	7. og 8. nóvember kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	24 kennslustundir.
Fullt verð:	95.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR	40.000 kr.

IÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.

HÖNNUÐIR - IÐNAÐARMENN - TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR INVENTOR / AUTOCAD

Autodesk Revit Architecture 2015 grunnnámskeið „Essentials“

Vertu fljót(ur) að ná tökum á grunninum í Revit Architecture 2015

Á þessu námskeiði er farið í gegnum grunninn í Revit Architecture 2015. Kennt verður það sem þú þarft að vita til að komast af stað, hvernig best er að nota viðmótið, búa til grunnmyndir, bæta við innihaldi í módelið, hvernig á að málsetja og margt fleira.

Þetta er grunnnámskeið fyrir byrjendur en í lokin á nemandinn að vera fær um að búa til minni hús og koma frá sér teikningum.

Kynnt verður m.a. hvernig íhlutasafn (families) er búið til.

Kynnt verða „tips og tricks“ sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

Námsmat:	80% mæting og símat.
Kennari:	Áslaug Elísa Guðmundsdóttir, byggingafræðingur.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk.
Tími:	15. nóvember kl. 08.30 - 17.30.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	80.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR	40.000 kr.

NÁMSKEIÐ FYRIR ALLA

Vinsamlegast athugið að á sumum námskeiðum er fjöldi þátttakenda takmarkaður og því þarf að skrá sig tímanlega.



ALLIR

Markviss framsögn og tjáning

Aukið þor til að tala opinberlega

Á námskeiðinu fá þátttakendur æfingu í að flytja mál sitt á markvissan og öruggan hátt frammi fyrir hópi fólks. Fjallað verður um þætti sem gagnlegt er að þjálfast með sér til að ná og halda athygli áheyranda.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Margrét Pálsdóttir, málfræðingur.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Þriðjudagur 23. og fimmtudagur 25. september kl. 16.15 - 19.15.
Lengd:	9 kennslustundir.
Fullt verð:	19.800 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	11.880 kr.

ALLIR

WordPress - minn eigin vefur

Settu upp þinn eigin vef

Á námskeiðinu kynnast þátttakendur Wordpress vefumsjónar-kerfinu og nýta það til að setja upp eigin vef frá grunni. Wordpress er opinn og ókeypis hugbúnaður og hentar einstaklega sem vefumsjónarkerfi fyrir litla og meðalstóra vefi. Námskeiðið er því kjörið fyrsta skref fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja koma sér upp vef. Í kjölfar námskeiðsins verður boðið upp á ráðgjöf og vinnustofur fyrir þá sem það vilja.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sigurður Fjalar Jónsson, kennari og vefstjóri.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	22. og 23. september og 29. og 30. september kl. 15.00 - 18.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	18.000 kr.

ALLIR

Öflugt sjálfstraust

„Efnismikið og vel framreitt. Góðar æfingar. Jóhann Ingi er frábær fyrirlesari.“

Sjálfstraust er undirstaða margra færniþátta, svo sem því hvernig okkur vegnar í samskiptum við aðra, hvernig við setjum markmið, tökum ákvarðanir og vinnum undir álagi. Markmið námskeiðsins er að kenna aðferðir til að efla sjálfstraust og ákveðni og skoðað hvað einkennir einstaklinga með hátt/lágt sjálfsmat. Fjallað er um áhrif hugarfars, viðhorfa og hugsunar á hegðun og líðan, sjálfstjórn og sjálfstyrkingu.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Mánudagur 15., fimmtudagur 18. og mánudagur 22. september kl. 16.15 - 19.15.
Lengd:	13 kennslustundir.
Fullt verð:	31.900 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	19.140 kr.

ALLIR

Facebook sem markaðstæki

Að kynna vörur og framleiðslu á Facebook

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á Facebook samfélagsmiðlinum sem markaðstæki. Farið er yfir uppsetningu á Facebook síðu, helstu notkunarmöguleikum, ímynd fyrirtækis og vörunnar.

Námsmat:	Verkefnavinna
Kennari:	Sigurður Fjalar Jónsson, vefstjóri.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Miðvikudagur 15. október kl. 15.00 - 18.00.
Lengd:	3 kennslustundir.
Fullt verð:	7.500 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	3.000 kr.

ALLIR

Skyndihjálp

Hvað gerir þú ef slys ber að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífgunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossinum.

Námsmat:	100% mæting.
Kennarar:	Frá Rauða krossinum.
Tími:	Þriðjudagur, 14. október kl. 13.00 - 19.00.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20 og í fyrirtækjum.
Lengd:	5 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	2.500 kr.

ALLIR

Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching) Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt

Lærðu að njóta lífsins betur og vera virkari

Þátttakendur læra leiðir til að njóta lífsins betur og vera virkari. Farið er í léttar og skemmtilegar æfingar sem eru til þess fallnar að nýta eigin styrkleika betur, bæta samskipti og ná meiri árangri. Þátttakendur taka Realise2 styrkleikapróf og fá styrkleikagreiningu. Prófið er innifalið í námskeiðsgjaldi. Jákvæð sálfræði fæst við rannsóknir á því sem fólk gerir rétt frekar en því sem fólk gerir rangt. Jákvæð sálfræði hefur þrjár grunnstoðir: jákvæðar tilfinningar, styrkleika og jákvæð samskipti. Dæmi um styrkleika einstaklinga eru hugrekki, samúð, sköpunarkrafur, þrautseigja og heillindi.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Anna Jóna Guðmundsdóttir, kennari og Þórhildur Sveinsdóttir, markþjálfari.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Miðvikudagar frá 15. október til 12. nóvember kl. 19.30 - 21.30.
Lengd:	15 kennslustundir.
Fullt verð:	33.400 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	20.040 kr.

Fagmennska

„Við vinnum saman að úrlausn mála með fagmennsku og gæði að leiðarljósi. Við erum jákvæð og sýnum viðskiptavinum og hverju öðru trúnað og traust.“



ALLIR

Verkefnastjórnun fyrir byrjendur

Aukinn skilningur á verkefnastjórnun og leiðum til betri árangurs

Á námskeiðinu er farið í grunnatriði verkefnastjórnunar. Hvað er verkefnastjórnun og hvar og hvernig getur hún nýst?

Áhersla er lögð á undirbúning verkefna og eftirfylgni þeirra til að tryggja árangur. Námskeiðið veitir innsýn inn í heim verkefnastjórnunar og hvernig hún nýtist á lítil sem stór verkefni.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sveinbjörn Jónsson, verkfræðingur og gæðastjóri hjá Vífilfelli.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Fimmtudagur 25. september kl. 08.30 - 12.30.
Lengd:	6 kennslustundir.
Fullt verð:	15.600 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	9.360 kr.

EINRYKJAR OG VERKTAKAR

Reiknað endurgjald

Þetta ætti að vera skyldunámskeið fyrir alla!

Námskeiðið hentar vel öllum þeim sem stunda sjálfstæðam rekstur. Fjallað verður um helstu reglur sem gilda um reiknað endurgjald og hvað það er sem einstaklingar í eigin atvinnurekstri verða að hafa í huga. Þátttakendur fá svör við spurningum eins og t.d. Hvað er verktaki? Hvað er reiknað endurgjald? Hverjir reikna sér endurgjald? Hvernig á að skrifa reikninga? Hvað á ég að borga mér?

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Katrín Helga Reynisdóttir, viðurkenndur bókari.
Staðsetning:	Profíto, Nýbýlavegi 8. 3. hæð.
Tími:	Þriðjudagur 14. október kl. 18.00 - 21.00
Lengd:	4,5 kennslustundir.
Fullt verð:	8.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.500 kr.



EINYRKJAR OG VERKTAKAR

Virðisaukaskattur

Ertu með rekstur á eigin kennitölu eða lítið fyrirtæki?

Á námskeiðinu verður gefið greinagott yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir sem varða virðisaukaskatt og fá þátttakendur svör við algengum spurningum sem varða framkvæmdina. Hvað er virðisaukaskattur og af hverju er hann reiknaður? Hvenær má nota innskatt og hvenær ekki? Hvað með rekstur bifreiða og virðisaukaskatt? Hverjir eiga að gera grein fyrir virðisaukaskatti og hverjir eru undanþegnir? Hvenær á að skila virðisauka og hverjar eru lágmarksfjárhæðir?

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Katrín Helga Reynisdóttir, viðurkenndur bókarí.
Staðsetning:	Profito, Nýbýlavegi 8 - 3. hæð.
Tími:	Þriðjudagur 7. október kl. 18.00 - 21.00.
Lengd:	4,5 kennslustundir.
Fullt verð:	8.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.500 kr.

ALLIR

Hlutverk hópstjórnans/vaktstjórnans

Hvernig virkar þetta best – hvaða leið á ég að fara?

Markmið þessa námskeiðs er að styrkja þátttakendur í þeim hlutverkum sem þeir takast á við í sínu starfi hvort sem þeir eru hópstjórnar, vaktstjórnar eða verkstjórnar. Námskeiðið fjallar um alla helstu þætti í stjórnun starfsmanna á vinnustað og fá þátttakendur tækifæri til að tengja ólík hlutverk við sín eigin störf. Námskeiðið er í formi fyrirlestra, verkefna og umræðna í hópum. Farið er sérstaklega í hrós og endurgjöf, sterka liðsheild, traust milli starfsmanna og erfiða starfsmenn.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Brynja Bragadóttir, doktor í vinnu- og heilsusálfræði.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Þriðjudagur 30. september kl. 16.15 - 19.15.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	14.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	8.400 kr.

ÞEIR SEM HAFA GRUNN Í VERKEFNASTJÓRNUN

Verkefnastjórnun II - verkefnisáætlun

Enn frekari hæfni til að leiða verkefni

Á námskeiðinu er farið yfir helstu hugtök og grunnatriði verkefnastjórnunar þar sem lögð er áhersla á gerð verkefnisáætlunar sem er grundvöllur að góðri verkefnastjórnun. Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hlutverk verkefnastjórnans.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Sveinbjörn Jónsson, verkfræðingur og gæðastjóri hjá Vífilfelli.
Staðsetning:	Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.
Tími:	Mánudagur 6. og fimmtudagur 9. október kl. 8.30 - 12.30.
Lengd:	12 kennslustundir.
Fullt verð:	36.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	21.600 kr.

ALLIR – EINNIG SÉRSNIÐIÐ FYRIR FYRIRTÆKI

Jólaconfekt

Það jafnast ekkert á við heimagerð konfekt!

Á námskeiðinu búa þátttakendur til nokkrar gerðir af handgerðu konfekt. Afslöppuð kvöldstund sem líka er hægt að sérpanta fyrir vinnustaði. Tilvalið t.d. fyrir saumaklúbba eða vinnustaði. Við skellum á jólatónlist og fáum okkur malt og appelsín. Jólin koma aldrei of snemma! Ef um fyrirtækjanámskeið er að ræða eru fundnar dagsetningar sem henta hverju sinni.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Jón Ingi Ólafsson matreiðslumaður og konditor.
Staðsetning:	IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, eða í fyrirtækjum
Tími:	Þriðjudagur 26. nóvember kl. 18.00 - 21.00.
Lengd:	4 kennslustundir.
Fullt verð:	12.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	6.000 kr.

Virðing

„Okkar samskipti einkennast af virðingu fyrir skoðunum, hugmyndum og viðhorfum hvers annars. Við leggjum áherslu á heiðarleika í samskiptum, veitum ráðgjöf og styðjum jafnræði til náms.“

A photograph of several students sitting at desks in a computer lab, looking at their monitors. The students are in the foreground and background, slightly out of focus. The room has blue and white geometric patterns on the walls.

EXCEL, WORD OG INTERNETIÐ

ALLIR

Tölvur ekkert mál - grunnnámskeið

Markmið þessa stutta en hnitmiðaða námskeiðs er að byggja upp traustan grunn fyrir áframhaldandi tölvunotkun. Þetta er kjörið tækifæri til að stíga fyrsta skrefið og læra á skipulagðan hátt hvernig Windows stýrikerfið vinnur og hvernig meðhöndla, skipuleggja og geyma skal gögn á réttan hátt. Fámennur hópur gerir þér kleift að vera í góðu sambandi við kennarann sem hefur áralanga reynslu af kennslu byrjenda.

Námsmat:	100% mæting, símat og verkefnavinna.
Kennari:	Sigurður Arnarsson, kerfishönnuður.
Staðsetning:	IÐAN fræslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagur 7., fimmtudagur 9. og þriðjudagur 14. október kl. 17.00 - 21.00.
Lengd:	18 kennslustundir.
Fullt verð:	23.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	11.500 kr.

ALLIR

Ritvinnsla í Word

Word er svo miklu meira en bara innsláttur

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhvern grunn í tölvunotkun en vilja bæta við sig þekkingu, leikni og færni í ritvinnslu. Word er margþætt forrit og er markmið þessa námskeiðs að kenna á hina margvíslegu möguleika við að útfæra texta, myndir, töflur og stílsnið. Þú getur sparað þér mikinn tíma með því að kunna vel á þetta.

Námsmat:	100% mæting, símat og verkefnavinna.
Kennari:	Sigurður Arnarsson, kerfishönnuður.
Staðsetning:	IÐAN fræslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími:	Þriðjudagar og fimmtudagar frá 9. - 18. desember kl. 17.00 - 21.00.
Lengd:	24 kennslustundir.
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	15.000 kr.



ALLIR

Internetið

Heill heimur af upplýsingum

Á námskeiðinu þjálfastu í að nýta þér kosti Internetsins, s.s. öryggi og vírusvarnir, útvarp, sjónvarp og aðra margmiðlun. Þú þjálfast í að leita skipulega með leitarvélum, flokka og meta upplýsingar, lærir að versla á Netinu, og sinna bankamálum. Einnig er farið í notkun tölvupósts m.a í flokkun, síun og hvernig er hægt að stofna frían netpóst. Markmið námskeiðsins er að auðvelda þátttakendum að nýta sér möguleika Internetsins sem eru í dag, afar fjölbreytilegir.

Námsmat: 100% mæting,
símat og verkefnavinna.

Kennari: Sigurður Arnarsson, kerfishönnuður.

Staðsetning: IÐAN fræslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Þriðjudagur 18., fimmtudagur 20.
og þriðjudagur 25. nóvember
kl. 17.00 - 21.00.

Lengd: 18 kennslustundir.

Fullt verð: 23.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 11.500 kr.

ALLIR

Töflureiknirinn Excel

Töflureiknir, myndrit og gagnagrunnur

Markmið námskeiðsins er að kenna þér að nýta kosti töflureiknisins Excel við framsetningu á tölum jafnt sem texta. Með því að kunna að vinna með gögn, raða þeim og setja upp einfaldar formúlur geturðu sparað þér mikinn tíma, unnið skipulega og sett þau fram á myndrænan hátt. Yfirsýnin verður miklu skýrari og allar breytingar á gögnum mun auðveldari. M.a. er kynnt hvernig hægt er að útbúa einfalt heimilsbókhald á örskotsstund. Excel er framúrskarandi forrit bæði fyrir heimilið og vinnuna.

Námsmat: 100% mæting,
símat og verkefnavinna.

Kennari: Sigurður Arnarsson, kerfishönnuður.

Staðsetning: IÐAN fræslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Þriðjudagur og fimmtudagur
frá 28. október - 6. nóvember
kl. 17.00 - 21.00.

Lengd: 24 kennslustundir.

Fullt verð: 30.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 15.000 kr.

PEIR SEM Hafa GRUNNÞEKKINGU Á FORRITID

Excel - framhald

Enn frekari vinnsla gagna

Námskeiðið byrjar á upprifjun á öllum helstu grunnatriðum er varða innslátt, afritun og útlit. Flýtleiðir eru kynntar og fleira sem hjálpar fólki að vinna með Excel. Farið er yfir allar helstu aðgerðir í Excel sem nýtast við vinnslu gagna og nokkur innbyggð föll skoðuð. Markmið námskeiðsins er að þekkja betur hvaða möguleika Excel býður upp á. Farið er í upprifjun á grunnatriðum er varðar innslátt, afritun og útlit. Skoðuð eru innbyggð föll, t.d. fjármálaföll, textaföll, leitarföll og farið er í gerð einfalds rekrarlíkans. Einnig er farið í grunnatriði í gerð myndrita, stutta kynningu á snúningstöflu (PivotTable) og gerð einfaldra fjölva (macro) kynnt. Gert er ráð fyrir að þátttakendur komi með eigin fartölvur með þráðlausu netkorti og Excel 2010 á námskeiðið.

Námsmat: 100% mæting.

Kennari: Oddur Sigurðsson, sérfræðingur
hjá Íslandsbanka.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Mánudagur 15., fimmtudagur 18.
og mánudagur 22. september
kl. 8.30 - 12.30.

Lengd: 18 kennslustundir.

Fullt verð: 36.600 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 18.300 kr.



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreiðum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is



IDAN
fræðslusetur

Vatnagörðum 20 Sími 590 6400
104 Reykjavík Fax 590 6401

idan@idan.is
www.idan.is